

Ársskýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins 2020

Ágúst 2021

Umbrot og hönnun: Kontor Reykjavík

Ljósmyndir: Baldur Kristjánsson, starfsfólk FSR

Teikningar: Rán Flygenring

Ábyrgðarmaður: Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Ritstjóri: Karl Pétur Jónsson

ISSN 2547-6718 (rafræn útgáfa)

Forsíða: Arnarhvoll, húsnæði fjármála- og  
efnahagsmálaráðuneytis, með listskreytingu  
Steinunnar Þórarinsdóttur, „Tákn“.

Ársskýrsla FSR kemur eingöngu  
út með rafrænum hætti.

# Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra .....	4
Um FSR .....	10
Verkefni á árinu 2020 .....	13
Alþingi .....	13
Forsætisráðuneytið .....	14
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið .....	14
Fjármála- og efnahagsráðuneytið .....	15
Heilbrigðisráðuneytið .....	19
Mennta- og menningarmálaráðuneytið .....	26
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið .....	28
Utanríkisráðuneytið .....	29
Fasteignir í ríkiseigu .....	31
Þróunar- og samstarfsverkefni .....	32
Rekstur og starfsfólk .....	35
Ársreikningur 2020 .....	39
Stefna, aðgerðir og árangur á árinu 2020 .....	49



Guðrún Ingvarsdóttir

## Ávarp forstjóra

### 2020 - Framfarir í skugga hamfara

Árið 2020 fer í sögubækur sem hamfaraár. Það hófst með fávíðrum og ofanflóðum, við tók heimsfaraldur og árinu lauk með jarðskjálftahrinu og fordæmalausum skriðuföllum á Seyðisfirði. Atburðir þessir eiga sér allir snertifleti við starfsemi FSR og þrátt fyrir miklar áskoranir endaði hamfaraárið 2020 á að verða eitt mesta framfaraár hjá Framkvæmdasýslunni. Á starfsfólk á mikið hrós skilið fyrir samtakamatt, aðlögunarhæfni, þolgæði og sveigjanleika við þessar óvenjulegu aðstæður.


Í upphafi árs höfðu margir lykilferlar stofnunarinnar verið færðir í stafrænt viðmót í kjölfar ítarlegrar og vandaðrar vinnu starfsfólks með Þórunni Óðinsdóttur Lean-ráðgjafa. Þetta varð stofnuninni til happs þegar

starfsfólk þurfti að hverfa af vinnustað sínum vegna heimsfaraldurs. Starfsfólk gat áfram sinnt daglegum störfum sínum, átt í myndsamskiptum við samstarfsfólk og gengið að lykilupplýsingum á vísam stað.

### Aukið umfang verkefna

Umfang og fjöldi verkefna jókst verulega á árinu. Árin á undan hafði frumathugun lokið á mörgum verkefnum í stærri kantinum og mörg þessara verkefna héldu áfram í áætlanagerð og framkvæmdir á árinu. Velta í verkefnum stofnunarinnar, að ofanflóðaverkefnum undanskildum, jókst úr rúmum þremur milljörðum í 5,7 milljarða á árinu 2020. Velta í verkefnum á hvert stöðugildi fór úr 118 milljörðum í 175 milljarða.

### Velta í verkefnum FSR á hvert stöðugildi (án ofanflóðaverkefna)





Þá bættust við verkefni í tengslum við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar, auk þess sem stærsta verkefni sem Framkvæmdasýslan hefur tekist á við — húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu — fékk aukinn vind í seglin.

Hamfarir ársins undirstrikuðu þörfina fyrir nýtt húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu lauk frumathugun á verkefninu sem færðist yfir í áætlanagerðarfasa. Þá var gerð markaðskönnun þar sem leitað var eftir húsnæði/lóð fyrir starfseminna. Um áramót var áætlanagerð vegna þessa risaverkefnis í fullum gangi. Þá bættu stjórnvöld í fjárfestingu til ofanflóðavarna.


Mikil þróun hefur orðið í hönnun skrifstofuhúsnæðis á undanförunum áratugum. Margt af því skrifstofuhúsnæði sem starfsfólk ríkisins nýtir er komið til ára sinna. Því stendur yfir viðamikil endurskoðun á nýtingu og

hönnun þess húsnæðis. Ljóst er að víða liggja tækifæri til umbóta og samlegðar, samhliða öflugri þróun í stafrænum innviðum í ríkisrekstri.

## Nýtt skipurit

Um mitt ár tók gildi nýtt skipurit hjá FSR. Skipuritið er afrakstur ítarlegrar rýni sem hefur átt sér stað á vinnuferlum stofnunarinnar í ljósi aukins verkefnaumfangs og breiddar í verkefnum. Helstu breytingarnar á skipuritinu fólust í nýju sviði sem heldur utan um fjárfestingaráætlanir og greiningu gagna fyrir stofnunina. Að auki heyrir verkhönnun framkvæmdaverkefna nú undir sama sviði og framkvæmdir.

Ráðnir voru sviðsstjórar yfir sviðin þrjú, þau Anna María Ágústsdóttir viðskiptafræðingur, Þröstur Söring tæknifræðingur og Örn Baldursson arkitekt.





Frá starfsdegi FSR.

## Nýtt skipulag skrifstofu

Fjölgun starfsfólks kallaði á að skrifstofum væri breytt til samræmis. Í lok ársins 2020 störfuðu hjá FSR 36 starfsmenn í 35 stöðugildum, en hæðin sem stofnunin hefur til umráða í Borgartúni 7a var í upphafi hönnuð fyrir um 20 manns.

Tekin var upp verkefnaðið vinnuaðstaða (VMV) og starfsfólki gefið frjálst sätaval. Þannig eiga eingöngu fimm starfsmenn rekstrarsviðs föst sæti, en aðrir eru útbúnir fartölvum sem hægt er að tengja við þá tegund vinnustöðvar sem hentar hverju sinni. Breytingin á húsnæðinu fól einnig í sér að búið var til afar rúmgott opið svæði sem þjónar jafnt sem kaffiaðstaða, matsalur og viðburðarými. Þetta tókst, þrátt fyrir að fermetrafjöldi á starfsmann sé kominn niður í 9,9 m<sup>2</sup> en til samanburðar gerir almennt viðmið ríkisins ráð fyrir að hver starfsmaður hafi 18 m<sup>2</sup> til umráða. Samhliða þessu var innleidd heimild til fjarvinnu meðal fagsviða stofnunarinnar og hafa starfsmenn nú val um allt að 2 daga vikulega í fjarvinnu. Þá hefur fundarherbergjum og næðisrymum verið fjölgað. Sveigjanleikinn sem felst í þessu veitir starfsfólki viðeigandi rými fyrir allar helstu athafnir vinnudagsins.

Samhliða þessari þróun á síðasta ári vann hópur starfsfólks stofnunarinnar að útgáfu nýrra viðmiða um vinnuumhverfi ríkisstarfsmanna í samvinnu við FJR, Kjara- og mannauðssýslu og Stafrænt Ísland. Í viðmiðunum er lögð áhersla á það sem við kjósum að kalla verkefnamiðaða vinnuaðstöðu eða VMV. Enska heiti þessarar hugmyndafræði er Activity Based Workspace. Það fór því vel á því að starfsfólk Framkvæmdasýslunnar tæki þessa hugmyndafræði upp á sama tíma og lögð er áhersla á notkun hennar við hönnun húsnæðis annarra stofnana.

Sú staðreynd hefur gefið okkur kost á að prófa ýmsar útfærslur, þreifa okkur áfram með notkunarreglur og kanna reglulega hug starfsfólks til breytinganna. Reynsla okkar af breytingunni er afar góð og sá sveigjanleiki sem orðið hefur til gefur margvísleg tækifæri sem ekki voru í boði áður. Sú reynsla mun skila sér í ríkum mæli til viðskiptavina okkar.

## Aukin samvinna og samlegð með Ríkiseignum

Samvinna við Ríkiseignir jókst verulega á árinu en mikill fjöldi fasteigna hefur á síðustu misserum verið





*Heimsókn í Þjóðleikhúsið var meðal viðburða á starfsdegi 2020. Í einum sal leikhússins fór starfsfólk í hópefli undir stjórn Höllu Margrétar Jóhannesdóttur.*

færður í umsýslu Ríkiseigna og gegna Ríkiseignir því hlutverki verkkaupa í vaxandi hluta verkefna FSR. Veturinn 2019 höfðu forstöðumenn FSR og Ríkiseigna staðið fyrir vinnustofum með fulltrúum FJR þar sem staða fasteignamála ríkisins var greind og metin með hliðsjón af evrópskri samburðargreiningu sem helstu systurstofnanir á Norðurlöndunum höfðu m.a. tekið þátt í. Niðurstaða vinnustofanna var að mikil sóknarfæri væru fólgin í uppbyggingu miðlægrar einingar sem hefði jafnt með höndum rekstur, útleigu og framkvæmdir.

Á haustmánuðum 2020 tilkynnti FJR að ákveðið hefði verið að vinna að sameiningu Ríkiseigna og Framkvæmdasýslu ríkisins og óskaði eftir þátttöku forstöðumanna stofnananna við mótun stefnu, framtíðarsýnar, markmiða og áherslna í starfseminni. Í framhaldi af því að skipuleggja breytingaverkefni. Vinna hófst í kjölfarið og leiddi Ragnar Guðgeirsson ráðgjafi gagnasöfnun og vinnustofur sem stjórnendur og fulltrúar starfsmanna tóku þátt í. Mikill samhljómur reyndist á vinnustofunum um umbætur og sóknarfæri. Var vinna FJR haldið áfram eftir áramót um leið og unnið var að undirbúningi breytingar á lögum um

skipan opinberra framkvæmda. Búast má við frekari niðurstöðum úr verkefninu á árinu 2021.

## Starfsdagur

Í kjölfar strangra samkomutakmarkana með tilheyrandi heimavinnu kom vorið 2020 með losun takmarkana. Framkvæmdasýslan sætti lagi og skipulagði starfsdag í lok maí. Kom þar lungi starfsfólksins saman holdi klæddur í fyrsta skipti frá því í lok mars.

Starfdagurinn var nýttur til að skoða framkvæmdir stofnunarinnar í miðborginni; Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur tóku á móti hópnum við Stjórnarráðið, framkvæmdir við jarðvinnu skrifstofubyggingar Alþingis voru skoðaðar og hin mikla framkvæmd við Hús íslenskunnar var barin augum. Þá tók Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri við hópnum og sýndi bæði orðnar framkvæmdir og möguleika á endurbótum á hinu glæsilega leikhúsi.





Framkvæmdir – Hús íslenskunnar

## VÖR

2019 hleypti Framkvæmdasýslan af stokkunum frumkvæðisverkefninu VÖR —Vistkerfi, Öryggi og Réttindi. Verkefnið snýst um að ná hámarksárangri í þessum mikilvægu málaflokkum, setja markmið og finna leiðir að þeim. Hús íslenskunnar var fyrsta verkefnið þar sem VÖR hugmyndafræðin var notuð. Í stuttu máli má segja að árangurinn sé til fyrirmyndar hvað varðar öryggis- og umhverfismál, en að nokkur ljón séu í veginum hvað réttindamál á verkstöðum snertir. Í því samhengi var á árinu unnið markvisst með fjölmörgum aðilum í réttindakaflanum og var þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2021 með það að markmiði að auðvelda eftirfylgni keðjuábyrgðar og skapa jákvæða hvata þvert á virðiskeðju framkvæmda.

## Geðheilsa og gleði í forgrunni

Róttæk breyting varð á högum starfsfólks í kjölfar þess að heimavinna varð allsráðandi í miðjum Covid-faraldri. Lögð var sérstök áhersla á starfsárinu að viðhalda gleði og samheldni í hópi starfsfólks og m.a. fengirnir ráðgjafar til að ræða hreyfingu, næringu og andlega upplýftingu við hópinn. Í kjölfarið fór af stað hvatningarátak sem miðaði að því að fá starfsfólk til að viðhalda hreyfingu, auk þess sem vikuleg fjarnúvitund var sett á dagskrá.

Þegar ljóst varða að aðventan myndi einkennast af sóttvarnatakmeðrunum og lokunum var ákveðið að setja saman dagskrá sem fólst í reglulegum og auknum félagslegum samskiptum starfsfólks með hjálp Teams. Fengirnir voru ráðgjafar, skemmtikraftar, rithöfundar og listafólk til að hitta starfsfólk með rafrænum hætti auk þess sem starfsmannafélagið Auðvitað sendi glæsilegar veitingar heim til starfsfólks.


## Horft fram á veginn

Við sem störfum við húsnæðisöflun fyrir starfsemi og þjónustu ríkisins við borgarana lærðum margt á liðnu ári. Krefjandi aðstæður skapa nýja hugsun og lausnir og athyglisvert verður að faraldri loknum að sjá hver þróunin verður í húsnæðismálum vinnustaða.

Þegar er ljóst að vinnustaðir muni breytast talsvert að faraldri loknum og að sveigjanleiki innan vinnustaða og fjarvinna munu verða leiðarstef í þróun vinnu um allan heim. Stafræn þróun í rekstri fyrirtækja og stofnana gera þessa þróun mögulega auk þess sem krafan um bættu nýtingu auðlinda knýr á um áframhaldandi þróun. Árið 2020 markaði að þessu leyti vatnaskil bæði hér á Íslandi og annars staðar sem veit á gott um framhaldið. Við hjá FSR hlökkum til að leggja okkar af mörkum.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR









Starfsfólk FSR ásamt forseta Íslands á Bessastöðum.


## Um FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) er faglegur og miðlægur aðili á sviði framkvæmda og húsnæðisöflunar ríkisins.

FSR fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni, öflun og innréttingu leiguhúsnæðis, hönnun, undirbúning og rekstur framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og heyrir undir fjármála- og

efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfaríð fjármögnuð með sértekjum.

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjársýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Samandreginn ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2019 og er að finna í kafla 7.



Mynd 1. Ferli opinberrar framkvæmdar



Ferli opinberra framkvæmda er bundið í lög nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og reglugerð nr. 71/2001 um skipulag opinberra framkvæmda. Markmið ferlisins er að vel sé farið með skattfé, að framkvæmdir séu hagkvæmar, nauðsynlegar, umhverfisvænar og skili samfélaginu árangri.

Fyrsti hluti ferlisins er frumathugun en hún skiptist í tvo hluta. Fyrst er unnin forathugun þar sem þörf fyrir aðstöðu er greind og skoðað hvaða valkostir eru færir til að mæta fyrirbyggjandi þörf. Inn í ferlið er alla jafna safnað sjónarmiðum stjórnenda og fagráðuneytis. Og ýmsar stærðir dregnar inn í matið. Til dæmis má nefna **forathugun** á hjúkrunarheimili, þar sem fjöldi rýma er áætlaður út frá lýðfræðilegum upplýsingum, eða rýmisþörf skrifstofuhúsnæðis stofnunar, sem lýtur ákveðnum viðmiðum, gefnum út af fjármálaráðuneyti. Þegar mat á þörf liggur fyrir eru greindir þeir valkostir sem koma til greina sem lausn, en þeir geta m.a. falist í leigu á húsnæði, breytingu á húsnæði eða nýframkvæmd. Valkostirnir eru því næst metnir með tilliti til kostnaðar, gæða og áhættu og dregið er fram hvaða valkostur þykir vænlegastur til frekari útfærslu. Þegar tillaga FSR að valkosti liggur fyrir tekur fagráðuneyti formlega afstöðu til frekari vinnslu málsins. Að fenginni staðfestingu á völdum kosti er unnin **frumáætlun** en þar er valin leið metin nánar og settar fram tillögur að útboðsstefnu verkefnisins. Að því loknu er **frumathugun** gefin út og að fagráðuneyti sendir hana til umfjöllunar FJR og Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir (SOF). Í nefndinni eiga sæti: Formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem er formaður nefndarinnar. SOF metur gögn FSR og ráðleggur FJR um hvort verkefnið hljóti heimild til frekari vinnslu í ferli áætlunargerðar sem er annar hluti ferlis opinberrar framkvæmdar.

Sé niðurstaða FJR jákvæð tekur við **frumhönnun** verkefnisins. Ráðgjafar verkefnisins eru valdir, mannvirkið er nánar skilgreint og kostnaðaráætlun gerð. Þá eru gögn frumhönnunar rýnd af ráðgjöfum og verkkaupa og verkefnið sett í **verkhönnun**. Snýst hún um að gerð teikninga, verklýsinga, kostnaðaráætlana og annarra þeirra gagna sem nauðsynleg eru til útboðs verklegrar framkvæmdar. Gögn þeirrar áætlunar eru að því loknu rýnd og veitir FSR umsögn um stöðu gagna. Verkið kemur þá aftur til kasta SOF og FJR, sem ákvarðar um hvort heimild verði veitt til útboðs verklegrar framkvæmdar

Hafi niðurstaða SOF verið jákvæð er verkefnið sett í **útboð** en Ríkiskaup hafa að jafnaði umsjón með útboðum FSR. Að tilboðum fengnum fer FSR yfir tilboðin og gerir tillögu um töku tilboðs en endanleg ákvörðun er í höndum verkkaupa, sem í flestum tilvikum eru viðeigandi fagráðuneyti. Sé tilboði tekið hefjast **framkvæmdir** og eftirlit FSR með verkefninu. Að framkvæmdum loknum tekur við **afhending** verkefnisins til þeirra sem fara munu með rekstur húsnæðisins, sem oftast nær er ríkisstofnun eða ráðuneyti. Þá fara Ríkiseignir með rekstur húsnæðis, þegar það á við.

Að verkefni loknu er gefið út **skilamat**, **skilagrein** eða **skilablað**, eftir umfangi verkefnisins, þar sem helstu vörðum verkefnisins er lýst og helstu tölur úr áætlunum og raunniðurstöður eru tíundaðar.

Ferli opinberra framkvæmda er í stöðugri skoðun. Sérstök áhersla er um þessar mundir á að styrkja fyrri hluta ferlisins, í þeim tilgangi að framkvæmdir sem stofnunin ber ábyrgð á séu hagkvæmari, umhverfisvænni, tímanlegri og betur til þess fallnar að þjónusta ríkisins sé skilvirk og vönduð.









Tölvuteiknaðar myndir af fyrirhugaðri viðbygging við Alþingi  
(mynd frá Studio Grandi).

## Verkefni á árinu 2020

Fjöldi og umfang verkefna FSR hefur aukist mikið á undanförunum árum. Um áramót voru um 120 virk verkefni í vinnslu hjá stofnuninni. Verkefnin eru komin mislangt í þróun, en heildarupphæð verkefna sem gerð hefur verið kostnaðaráætlun fyrir var í ársbyrjun 2021 um 126 milljarðar króna. Horfa verður til þess að ekki verða öll verkefni að veruleika.

Verkefnin sem valin eru til umfjöllunar hér sýna ágætis þverskurð á viðfangsefni stofnunarinnar.

Um verkefnin er fjallað eftir verkkaupa, sem í flestum tilfellum er ráðuneyti eða Alþingi.

### Alþingi

#### 6001022 - Skrifstofubygging Alþingis

*Verkefnastjóri: Ármann Óskar Sigurðsson*

*Verkkaupi: Alþingi*

*Upphaf verkefnis: 2015*

*Áætluð verklok: 2023*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Verkefnið kom fyrst á borð Framkvæmdasýslunnar árið 2015. Unnin var þarfagreining og frumathugun sem leiddu í ljós að hagkvæmt yrði fyrir Alþingi að byggja sitt eigið hús á Alþingisreitnum í stað þess að leigja skrifstofurými fyrir starfsmenn, alþingismenn og þingflokka víðs vegar um Kvosarsvæðið.

Upphaflega var gert ráð fyrir 4.500 m<sup>2</sup> húsnæði auk 1.200 m<sup>2</sup> bílakjallara á svæðinu á milli Vonarstrætis, Tjarnargötu og Kirkjustrætis, en húsið verður 5.860 m, auk 1.300 m<sup>2</sup> bílakjallara.

Á árinu 2020 var áætlanagerð lokið, í febrúar hófst jarðvinna og í september voru tilboð í byggingu hússins opnuð. Voru það ÞG verktakar sem buðu best í verkefnið og var samið við fyrirtækið um byggingu hússins. Hófust framkvæmdir snemma vetrar.

Byggingin mun sem fyrr segir leysa af hólmi fjölda leigurýma sem Alþingi hefur haft á sínum snærum um árabíl. Þegar húsið verður tilbúið til notkunar, sem áætlað er að verði árið 2023, mun loks öll starfsemi Alþingis verða á einum og sama staðnum. Þá munu aðstæður til að taka á móti gestum og sinna alþjóðlegu samstarfi batna til muna með aðstöðu, sem Alþingi hefur ekki áður haft til umráða.



## Forsætisráðuneyti

### 601-0015 Húsnæðismál FOR

*Verkefnastjóri: Friðrik Óttar Friðriksson*

*Verkkaupi: Forsætisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2015*

*Áætluð verklok: 2024*

*Staða verkefnis í lok árs: Áætlanagerð*

*Tegund verkefnis: Nýbygging, skipulag, fornleifagröftur*

Starfsfólki forsætisráðuneytis hefur fjölgað mikið á undanförunum áratugum. Nú er svo komið að einungis lítill hluti starfsfólks starfar í hinu gamla fangelsi sem þekkt er sem Stjórnarráðshúsið. Framkvæmdasýslunni var árið 2015 falið að hafa umsjón með frumathugun, áætlunargerð og verkframkvæmd viðbyggingar við húsið.

Á árinu 2020 voru breytingar á forsendum verkefnis frá hönnunarsamkeppni 2018 metnar. Umfang var skoðað og auknar kröfur til öryggis teknar inn í myndina. Breyttar þarfir og óskir ráðuneytisins til vinnuaðstöðu og innra fyrirkomulags voru endurmetnar í samræmi við stefnu FJR um skrifstofurými.

Áætlanagerð vegna breytinga á ytra umhverfi var samræmd, meðal annars í samstarfi við verkefnisstjórn borgarlínu og skipulagsfulltrúa Reykjavíkur. Undirbúningur og vinnsla deiliskipulags fyrir lóðina var unnin

í samstarfi við Skipulagsstofnun, Minjastofnun og skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Fornleifagreftri lauk í september 2020 og er lóðin nú tilbúin fyrir jarðvinnu. Fundu fornleifafræðingar ýmsa muni sem varpa ljósi á sögu hússins, meðal annars barnaleikföng, brot af ýmsum heimilismunum, s.s. bursta, lyfjaglas, lykli, koparhnappi og mynt, krítarpípum og postulínsbrúðubrot.

Ætlunin er að byggingin verði tilbúin til notkunar árið 2024.

Nýbygging með tengigöngum verður um 1600 m<sup>2</sup> og breytingar verða gerðar á 512 m<sup>2</sup> í Stjórnarráðshúsinu.

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

### 604 0750 Nýtt hús fyrir Hafró

*Verkefnastjóri: Ármann Óskar Sigurðsson, Pétur Bolli Jóhannesson og Róbert Jónsson*

*Verkkaupi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*

*Upphaf verkefnis: 2016*

*Áætluð verklok: 2020*

*Staða verkefnis í lok árs: Lokið*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun*

Auglýst var eftir nýju húsnæði í júní 2016 og óskað eftir að taka á leigu um 5.150 m<sup>2</sup> húsnæði, þar af um 3.750



Viðbygging við Stjórnarráðshúsið – Vinningstillaga



Frá vígslu nýs húsnæðis Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði sumarið 2020.

m<sup>2</sup> skrifstofu- og rannsóknarrými og 1.400 m<sup>2</sup> geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Alls bárust 13 tilboð. Tekið var tilboði frá Fornubúðum eignarhaldsfélagi ehf. sem bauð húsnæði við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Tilboðið miðast við 3.750 m<sup>2</sup> nýbyggingu og 1.300 m<sup>2</sup> eldri byggingu sem gert er ráð fyrir að hýsi geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Boðinn var viðleguréttur fyrir skip Hafró við Suðurbakkann í Hafnarfjarðarhöfn.

Í desember 2016 samþykkti fagráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneytið að hefja formlegar samningaviðræður við Fornubúðir eignarhaldsfélag ehf. um byggingu á leiguhúsnæði undir starfsemi Hafró í samræmi við húsrýmisáætlun sem gerð hafði verið fyrir stofnunina. Leigusamningur var undirritaður í febrúar 2018, fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni var tekin í mars 2018 og stóðu byggingaframkvæmdir yfir allt árið 2019 og fram á vor 2020.

Aðstaða Hafró er sérsniðin að starfsemi stofnunarinnar og bætir starfsskilyrði verulega auk þess sem áhersla í húsnæðinu er á sjálfbærni og nútímalega starfshætti.

Hafró flutti í nýja húsnæðið vorið 2020 með mikilli viðhöfn.

## Fjármála- og efnahagsmálaráðuneyti

### 609 0100 Húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

*Verkefnastjóri: Hannes Frímann Sigurðsson, Hróðný Njarðardóttir, Kristján B. Ólafsson*

*Verkkaupi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

*Upphaf verkefnis: 2018*

*Áætluð verklok: Óljóst*

*Staða verkefnis í lok árs: Í áætlanagerð*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun/skipulag/uppbygging*

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) var árið 2018 falið af fjármála- og efnahagsráðuneytinu (FJR), að beiðni frá dómsmálaráðuneyti (DMR), að gera forathugun og skoða möguleika á sameiginlegu húsnæði fyrir löggæsluaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnið er umfangsmikið og ákveðið var í árslok 2018 að stofna stýrihóp, skipuðum fulltrúum DMR, FJR og FSR, til að tryggja að unnið yrði að því með markvissum hætti. Stýrihópur skyldi gegna hlutverki verkkaupa við vinnslu verkefnisins og gera tillögur um umfang þess og fjárhagsramma. Verkefnahópur var skipaður til að greina viðfangsefnið. Hlutverk hans var að skipuleggja og leiða, í samráði við FSR, forathugun verkefnisins og gera grein fyrir niðurstöðunni í forathugunarskýrslu. Verkefnahópurinn fékk til liðs við sig fjölmarga ráðgjafa ásamt fulltrúum allra viðbragðsaðila, sem sátu í hinum ýmsum faghópum tengdu verkefninu.

Eftir samtal fulltrúa ráðuneytanna við Landsbjörg og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var ákveðið að víkka verkefnið enn frekar og skoða hagkvæmni þess að allir löggæslu- og viðbragðsaðilar væru saman á einum stað. Það er ríkislögreglustjóri (RLS), lögregla höfuðborgarsvæðisins (LRH), landhelgisgæslan (LHG), tollgæslan, Neyðarlínan (112), Slysavarnafélagið Landsbjörg og yfirstjórn









*Framkvæmdir standa fyrir dyrum við Stjórnarráðið.*

slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS). Gengið er út frá þeirri hugmynd að byggja viðeigandi aðstöðu sem stuðlar að aukinni samvinnu og samhæfingu löggæslu og viðbragðsaðila, með nútíma samhæfingarmiðstöð, sem getur skilað aukinni hagræðingu og skilvirkni í þjónustu og viðbrögðum við náttúruvá.

Sett voru fram eftirfarandi meginmarkmið:

Markmið verkefnisins er að greina og meta þá kosti, tækifæri og möguleika sem sameiginlegt húsnæði þessara aðila getur haft til að efla virkni, samvinnu og samstarf við lausn verkefna þeirra með samnýtingu og hagræðingu í húsnæðismálum. Aðilarnir starfi sem ein heild óháð því hvernig yfirstjórn er háttað, sem leiðir af sér hagkvæmari nýtingu fjármagns og mannafla.

Á árinu 2020 var unnið áfram af krafti í frumathugun verkefnisins í nánu samstarfi við viðkomandi. Í nóvember var frumathugunarskýrsla gefin út. Hlut að verkefninu eiga nú sjö aðilar; ríkislögreglustjóri, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, tollgæslan, landhelgisgæslan, Neyðarlínan, Slysavarnafélagið Landsbjörg og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Greindir voru kostir, kostnaður og áhætta í verkefninu. Þá var farið í markaðskönnun til að finna hentuga lóð fyrir svo stóra byggingu, en nokkrir álitlegir kostir voru skoðaðir fyrir þessa byggingu sem áætlað er að verði yfir 26 þúsund fermetrar. Mikil þróun varð á verkefninu á árinu, en í lok árs var forathugun lokið á verkefnið komið í áætlanagerð.

## 609 0001 Stjórnarráðsreitur – uppbygging

*Verkefnastjóri: Olga Guðrún Sigfúsdóttir*

*Verkkaupar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, forsætisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2018*

*Áætluð verklok: Óljóst*

*Staða verkefnis í lok árs: Í frumathugun*

*Tegund verkefnis: Uppbygging frá grunni, skipulag*

Stjórnarráðið vill skapa áhugaverðan og framsækinn vinnustað til framtíðar fyrir ráðuneyti, lykilstofnanir og dómstóla. Breytingar í samfélaginu kalla á breyttar aðferðir og vinnubrögð. Þörf er fyrir sveigjanlegra vinnuumhverfi til að mæta örum breytingum. Þá kalla aukin tæknivæðing, breytt vinnubrögð starfsfólks, áskoranir í umhverfismálum og almenn ráðdeild í ríkisrekstri á nútímalegra húsnæði fyrir þessa þjóðfélagslega mikilvægu starfsemi.

Á Stjórnarráðsreitnum svokallaða er stefnt að því að risi sambyggt og/eða sameiginlegt húsnæði fyrir ráðuneyti og lykilstofnanir en með því skapast auknir möguleikar á að ná markmiðum um samvinnu, sveigjanleika og sjálfbærni. Þá er gert ráð fyrir að á reitnum verði dómstólar og tengd starfsemi.

Meginmarkmið verkefnisins er að fá fram:

- Vandaða heildarlausn á húsnæðismálum dómstóla, stjórnarráðs og lykilstofnana ríkisins
- Vandað skipulag reitsins



- Vistvænar lausnir
- Skapandi og valdeflandi vinnuumhverfi

Úrslit í hugmyndasamkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits lágu fyrir í byrjun desember 2018. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga T.ark Arkitekta og SP(R) INT Studio.

Á árinu 2020 var unnið að forathugun verkefnisins.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru heimildir fyrir um 52.500 fermetra byggingamagni á reitnum. Núverandi byggingar eru um 28.700 fermetrar og því heimild fyrir um 24.000 fermetra nýbyggingum. Vinningstillagan gerir ráð fyrir svipuðu byggingarmagni. Gert er ráð fyrir að endurskoðað deiliskipulag reitsins liggja fyrir um mitt ár 2021.

## 509 0178 - Skúlagata 4

*Verkefnastjóri: Guðmundur Möller*

*Verkkaupi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

*Upphaf verkefnis: 2017*

*Áætluð verklok: 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Verkleg framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Endurnýjun húsnæðis*

Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti fluttu í byrjun árs 2017 úr húsnæði sínu í Hafnarhúsinu. Þar hafði verið staðfest mygla sem lagðist þungt á heilsufar starfsfólks í þessum mikilvægu ráðuneytum. Fluttu ráðuneytin til bráðabirgða í Skógarhlíð 6, sem áður hýsti Sölufélag garðyrkjumanna og síðar sýslumannsembættið í Reykjavík.

Á árinu 2017 var gerð af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins frumathugun á því hvort fýsilegt væri að flytja ráðuneyti félagsmála- og heilbrigðismála í húsnæði Hafrannsóknarstofnunar við Skúlagötu 4 í Reykjavík.

Niðurstaða frumathugunar var að húsnæðið við Skúlagötu 4 myndi henta vel, auk þess sem flutningur í húsið myndi ríma vel við áform um að byggja húsnæði fyrir önnur ráðuneyti á svokölluðum stjórnarráðsreit, sem nær frá Lindargötu í suðri til Skúlagötu í norðri, Ingólfsstrætis í vestri til Klapparstígs í austri. Fyrir á reitnum eru einnig fjármála- og efnahagsráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Hin glæsilega bygging Skúlagata 4 var reist eftir teikningu Halldórs H. Jónssonar árið 1961. Húsinu



*Sjávarútvegshúsið, Skúlagötu 4.*

var upphaflega ætlað að vera þrjár hæðir, ætlað í heild sinni fyrir fiskirannsóknastofur Háskóla Íslands. Síðar var ákveðið að hækka húsið um þrjár hæðir og innrétta efstu þrjár hæðirnar fyrir Ríkisútvarpið. Hafrannsóknarstofnun hefur frá upphafi haft aðstöðu sína í húsinu og Ríkisútvarpið var þar til þar til húsa uns það flutti í stórhýsi sitt við Efstaleiti árið 1987.

Árið 2020 flutti Hafrannsóknarstofnun úr húsinu og framkvæmdir gátu hafist. Útboð á rífi á innréttingum hæðanna tveggja fór fram í nóvember og hófst niðurrif í sama mánuði. Undirritun ráðgjafarsamninga vegna verkefnisins fór einnig fram á árinu og vinna við hönnun hófst í nóvember.

Áætlað er að ráðuneytin flytji inn í endurnýjað húsnæði í október 2022. Um er að ræða 2. og 3. hæð hússins, alls um 2.400 fermetra. Fyrir eru í húsinu tvö ráðuneyti; sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

## Heilbrigðisráðuneyti

### Heilsugæslur

#### 633 0182 - Heilsugæsla Mosfellsumdæmis

*Verkefnastjóri: Jóhann Gunnar Gunnarsson*

*Verkkaupar: Heilsugæsla Mosfellsumdæmis, heilbrigðisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2018*

*Áætluð verklok: 2021*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun, leiguverkefni*

Í júní 2018 var FSR falið að taka að sér umsjón með útvegun húsnæðis fyrir heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Verkefnið fólst í þarfagreiningu og húsrýmisáætlun, gerð húslýsingar/auglýsingar, eftir húsnæði og gerð leigusamnings við leigusala.

Í júní 2019 var húsaleigusamningur undirritaður um 1.312 fermetra hæð í Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ.

Í næsta áfanga verkefnisins hafði FSR eftirlit með



*Viðtalsherbergi heimilislæknis, heilsugæslunni Mosfellsbæ við afhendingu húsnæðis.*

verkframkvæmd leigusamnings sem stóð frá júní 2019 og fram á fyrri hluta þessa árs.

Við áramót leit út fyrir að heilsugæsla Mosfellsumdæmis gæti opnað glæsilega heilsugæslustöð á vordögum 2021.

#### 633 0214 - Húsnæðismál heilsugæslunnar í Hveragerði

*Verkefnastjóri: Kristján Sveinlaugsson, Róbert Jónsson, Sunna Dóra Sigurjónsdóttir*

*Verkkaupar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2020*

*Áætluð verklok: 2021*

*Staða verkefnis í lok árs: Forathugun*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun, leiguverkefni*

Íbúum Hveragerðis hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum áratugum og sér ekki fyrir endann á vexti sveitarfélagsins. Rík þörf hefur verið á að heilsugæsla bæjarins, sem tilheyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fái húsnæði í takt við íbúapróun. FSR var á árinu 2020 falið það verkefni að afla viðunandi húsnæðis fyrir heilsugæslu Hveragerðis.

Aðkoma FSR að verkefninu er gerð þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar í samráði við notendur heilsugæslunnar í Hveragerði, ásamt því að afla nýs hentugs húsnæðis sem mætir kröfum heilsugæslunnar.



Á árinu 2020 var unnin þarfagreining og húsrýmisáætlun fyrir heilsugæsluna í Hveragerði í góðu samstarfi við notendur heilsugæslunnar. Þarfagreiningin og húsrýmisáætlunin var í framhaldinu samþykkt af heilbrigðisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem grundvallargagn í áframhaldandi húsnæðisöflun.

Helstu samstarfsaðilar í verkefninu til þessa eru heilbrigðisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Heilbrigðisstofnun Suðurlands ásamt forsvarsmönnum notenda, þ.e. hjúkrunarstjóra og yfirlæknis heilsugæslunnar.

### **633 0227 - Ný heilsugæsla á Akureyri**

*Verkefnastjóri: Anna Sofia Kristjánsdóttir*

*Verkkaupi: Heilbrigðisráðuneytið og Akureyrarbær*

*Upphaf verkefnis: 2019*

*Áætluð verklok: Haust 2024*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumathugun lokið*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun, leiguverkefni*

Um er að ræða gerð frumathugunar vegna leigu eða byggingar á tveimur nýjum heilsugæslustöðvum á Akureyri, heilsugæslu suður og heilsugæslu norður. Farið var í RFI-könnun á svæðinu til að athuga mögulegar lóðir og húsnæði sem eru í boði og henta undir heilsugæslu. Frumathugunin var á lokametrunum í lok ársins 2020.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), skipulagsyfirvöld Akureyrarbæjar og heilbrigðisráðuneytið eru helstu samstarfsaðilar um undirbúning verkefnisins.

Verkefnið hófst með þarfagreiningu árið 2019 þar sem upprunalega var gert ráð fyrir leiguhúsnæði undir starfseminna. Hvor heilsugæsla fyrir sig er áætluð um 1.700 fermetrar og á að þjóna 15.000 skjólstæðingum hvor.

Verkkaupar eru Akureyrarbær og heilbrigðisráðuneytið sem jafnframt er fagræðuneytið.

### **633 0170 Heilsugæslan Hlíðum**

*Verkefnastjóri: Róbert Jónsson*

*Verkkaupi: Efnahags- og fjármálaráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2019*

*Áætluð verklok: 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumathugun lokið, auglýst hefur verið eftir húsnæði en ekkert tilboð reyndist viðunandi*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun, leiguverkefni*

Verkefnið hófst árið 2019 með gerð húslýsingar og húsrýmisáætlunar. Auglýst var eftir húsnæði en engin viðunandi tilboð bárust. Leitað er að 1300 m<sup>2</sup> húsnæði í eða við Hlíðahverfi.

### **633 0235 Heilsugæslan í Innri-Njarðvík**

*Verkefnastjóri: Róbert Jónsson*

*Verkkaupi: Heilbrigðisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2020*

*Áætluð verklok: 2023*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumathugun hafin*

*Tegund verkefnis: Húsnæðisöflun, umsjón*

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum. Lengi hefur verið kallað eftir því að ný heilsugæsla verði byggð í Reykjanesbæ. Árið 2020 var hafist handa við frumathugun á verkefninu hjá verkefnastjórum FSR. Áætlað er að ný heilsugæsla í Innri-Njarðvík verði opnuð árið 2023.



Hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði – Vinningstillaga Basalt og Eflu.

### Hjúkrunarheimili

Öllum ætti að vera ljós sú mikla þörf sem er á hjúkrunarrýmum á landinu. Um áramót voru 12 hjúkrunarheimili til umfjöllunar hjá Framkvæmdasýslunni með alls 579 rýmum. Verklok þessara heimila eru frá 2021 til 2026.

Aðkoma FSR að hjúkrunarheimilum er af tvennum toga. Annars vegar hefur stofnunin umsjón með verklegum framkvæmdum, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Hins vegar hefur FSR hefur tilsjón með framkvæmdum við hjúkrunarheimili sem felst í að fylgjast með framgangi þeirra, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála, ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Hér á eftir fer umfjöllun um nokkur þessara verkefna.

#### 6087040 – Nýtt hjúkrunarheimili á Höfn

*Verkefnastjóri: Guðmundur Möller*

*Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneyti og Sveitarfélagið Hornafjörður*

*Upphaf verkefnis: 2017*

*Áætluð verklok: Janúar 2023*

*Staða verkefnis í lok árs: Hönnun og áætlanagerð*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Fyrirhuguð stækkun hjúkrunarheimilisins á Hornafirði nemur um 1.000 fermetrum. Eftir stækkun verði heimilið fyrir 30 vistmenn og að húsnæðið verði í fullu samræmi

við viðmið hvað stærð og aðbúnað varðar. Verkkaupar eru heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafjörður. Byggingin verður að lokum 2.468 m<sup>2</sup>.

Samkeppni um hönnun heimilisins fór fram árið 2019 þar sem BASALT og Efla urðu hlutskörpust. Fyrirhugað er að heimilið verði tekið í notkun í janúar 2023.

#### 6087030 – Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg

*Verkefnastjóri: Hreinn Sigurðsson*

*Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneyti og Sveitarfélagið Árborg*

*Upphaf verkefnis: 2016*

*Áætluð verklok: 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Framkvæmdir við byggingu hins glæsilega hjúkrunarheimilis í Sveitarfélaginu Árborg hófust í janúar 2020. Gengu þær sæmilega á árinu, sem markaðist af illviðrum í byrjun árs og heimsfaraldri sem hófst í febrúar. Í lok árs var uppsteypu að mestu lokið og framkvæmdir við frágang innandyra í þann mund að hefjast.

Hönnunarsamkeppni vegna heimilisins fór fram árið 2017. Urban arkitektar og LOOP architects aps urðu hlutskörpust í samkeppninni. Á sama tíma var ákveðið að stækka heimilið, svo það rúmi tíu íbúa til viðbótar við það sem áður hafði verið ákveðið. Fullnaðarhönnun hjúkrunarheimilisins lauk í febrúar 2019. Hófst þá rýni gagna og undirbúningur útboðs. Verkið var boðið út sumarið 2019 og tilboð opnuð 30. september.





Hjúkrunarheimilið á Húsavík – tölvuteiknuð mynd.

Lægstbjóðandi var Eykt ehf. Fyrsta skóflustunga fór fram 22. nóvember 2019 og hófust framkvæmdir við jarðvinnu þá um leið. Hafa framkvæmdir staðið óslitið yfir síðan. Heimilið verður afhent eigendum sínum á fyrri hluta árs 2022.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfsvottunarkerfið BREEAM. Þá er byggingin hönnuð í BIM kerfinu sem auðveldar mjög alla umsýslu teikninga á byggingartíma og viðhald á rekstrartíma byggingarinnar.

### 6087042 – Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík

*Verkefnastjóri: Anna Sofía Kristjánsdóttir  
Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Norðurþing*

*Upphaf verkefnis: 2018*

*Áætluð verklok: Árslok 2024*

*Staða verkefnis í lok árs: Áætlanagerð*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

FSR fer með heildarumsjón með byggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík. Felst það í valkostagreiningu, frumathugun og þarfagreiningu. Byggja starfsmenn FSR þar á mikilli reynslu af byggingu hjúkrunarrýma.

Á árinu 2018 lauk frumathugun verkefnisins og var ákveðið að byggja 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík í stað upphaflegra áforma um 20 rýma hjúkrunarheimili. Nýbyggingunni er ætluð staðsetning norðvestan við núverandi hjúkrunarheimilið Hvamm, með tengigangi á milli. Frumathugunin var samþykkt árið 2018 með tillögu um að farið yrði í hönnunarsamkeppni.

Undirbúningur hönnunarsamkeppninnar fór fram 2019 og 18. desember voru samkeppnisgögn birt á vef Ríkiskaupa. Hönnuðir skiluðu inn samkeppnistillögum 6. mars 2020. Alls bárust 32 tillögur til samkeppninnar og 15. maí voru úrslitin kunn, en tillaga Arkís sem unnin var í samstarfi við Mannvit hlaut fyrstu verðlaun. Samkeppnin var með öllu rafræn, sem leiðir bæði til umhverfsvænni vinnubragða, auk þess sem það sparar talsvert fé. Undirritun ráðgjafasamnings var um miðjan júlí 2020. Frumhönnun gagna var skilað í lok september. Fornleifarannsóknir fóru fram um svipað leiti og skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kláruð í október 2020. Forhönnun var skilað í byrjun desember 2020.

Heimilið verður hannað og byggt í samræmi við alþjóðlega umhverfsvottunarkerfið BREEAM. Þá verður byggingin hönnuð í BIM kerfinu sem auðveldar mjög alla umsýslu teikninga á byggingartíma og viðhald á rekstrartíma byggingarinnar.

### 608 7045 – Hjúkrunarheimilið Mörk, svalir 5. hæð, Reykjavík

*Verkefnastjóri: Sigurður Norðdahl*

*Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurborg*

*Upphaf verkefnis: Október 2020*

*Áætluð verklok: Apríl 2021*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumáætlun*

*Tegund verkefnis: Endurbætur*

Breyting á aðstöðu geðdeildar Hjúkrunarheimilisins Mörk. Tvennar þaksvalir á 4. hæð hjúkrunarheimilisins verða skermaðar af með glerveggjum og komið fyrir reykskýli, sem einnig er skermað af með glerveggjum.









Hjúkrunarheimilið Mörk – tölvuteiknuð mynd.

Þá verður komið fyrir gróðurkerjum og bekkjum á þaksvölunum. Gerðar verða viðbætur og breytingar á öryggis- og aðgangsstýringarkerfum og lýsingu á þaksvölunum.

Þetta mun bæta verulega aðstöðu geðdeildar hjúkrunarheimilisins og öryggi íbúa á deildinni og vinnu starfsfólks en íbúum verður þá hleypt út á svalirnar án þess að vera í fylgd starfsfólksins en glerveggirnir verða nægilega háir til að gæta fyllsta öryggis sjúklinga og starfsfólks.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Grund, rekstraraðila heimilisins.

### **633-0195 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ**

*Verkefnastjóri: Friðrik Óttar Friðriksson*

*Verkkaupar: Reykjanesbær og heilbrigðisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2020*

*Áætluð verklok: Óvíst*

*Staða verkefnis í lok árs: Í bið*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

FSR var falin tilsjón með áætlunargerð og verkfræmnd nýs hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ árið 2020. Næsta skref er útboð á hönnun heimilisins.

### **633-0233 Nýtt hjúkrunarheimili við Mosaveg í Reykjavík**

*Verkefnastjóri: Friðrik Óttar Friðriksson*

*Verkkaupar: Reykjavíkurborg og heilbrigðisráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2015/2020*

*Áætluð verklok: 2026*

*Staða verkefnis í lok árs: Endurmati frumathugunar*

*lokið*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

*Fjöldi rýma: 132-144*

*Fermetrar: 9100m<sup>2</sup>*

FSR hafði umsjón með frumathugun vegna þessa verkefnis árið 2015. Heilbrigðisráðuneytið (HRN) fór árið 2020 þess á leit við FJR að Framvæmdasýslunni yrði falið að endurskýra forsendur verkefnisins, uppfæra kostnaðarliði, yfirfara umfang og forsendur frumathugunar og umsagnar hennar frá 2015. Var þessi vinna unnin þar sem forsendur hafa breyst verulega í umfangi og kostnaði.

Reykjavíkurborg leggur nú til ódeiliskipulagt svæði við Mosaveg fyrir nýtt 132-144 rýma heimili sem verður allt að 9.100 fermetrar að stærð. Stefnt er að því að heimilið verði tilbúið árið 2026.

### **633 0194 Hjúkrunarheimili á Patreksfirði**

*Verkefnastjóri: Olga Guðrún Sigfúsdóttir*

*Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið, Sveitarfélagið Vesturbyggð og Ríkiseignir*

*Upphaf verkefnis: Mars 2020*

*Áætluð verklok: Lok árs 2024*

*Staða verkefnis í lok árs: Lokadrög frumathugunar tilbúin*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

*Fjöldi rýma: 20*

*Fermetrar: 715m<sup>2</sup>*

Á Patreksfirði eru framundan gagngerar endurbætur. Hjúkrunarrými þar eru hluti af legudeild og þörf á endurbótum svo þau uppfylli viðmið. Brýnt er orðið að bæta aðstæður og aðbúnað íbúa samkvæmt

heilbrigðisráðuneytinu. FSR vann árið 2020 frumathugun þar sem lagt var mat á möguleika á endurbótum.

### Aðrar sjúkrastofnanir

#### 608-7010 Nýjar legudeildir SAK

*Verkefnastjóri: Friðrik Óttar Friðriksson*

*Verkkaupar: Fjármálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti*

*Upphaf verkefnis: Upphaflega 2015, en lá í dvala fram til júní 2020*

*Áætluð verklok: Óvíst*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumathugun frá 2015 hefur verið rýnd að nýju*

*Tegund verkefnis: Viðbygging*

Árið 2015 gerði FSR athugun á frumathugunargögnum þar sem metin var þörf á nýrri legudeild fyrir sjúkrahúsið á Akureyri, SAK. Niðurstaðan var að ný álma þyrfti að vera 8500 m<sup>2</sup>. Í tengslum við fjárfestingaráttak stjórnvalda 2020 var verkefnið endurvakið. Ný frumathugunargögn SAK voru lögð fram þar sem þörfin er metin um 9720 m<sup>2</sup>, byggt á nýjum forsendum.

Aðkoma FSR að verkefninu fólst í mati á frumathugunargögnum sem lögð voru fram árið 2020.

#### 608 7044 Endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofunar Vesturlands, Akranesi

*Verkefnastjóri: Jóhann Gunnar Gunnarsson*

*Verkkaupi: Heilbrigðisráðuneyti*

*Upphaf verkefnis: 2019*

*Áætluð verklok: 2020*

*Staða verkefnis í lok árs: Lokið*

*Tegund verkefnis: Viðbygging*

Verkefnið fólst í byggingu 134 m<sup>2</sup> móttöku fyrir sjúkrahíla við Heilbrigðisstofnun Vesturlands við Merkigerði 9 á Akranesi, ásamt breytingum á flóttastiga frá B-álmu heilbrigðisstofunarinnar. Stjórnendur heilbrigðisstofunarinnar hafa lengið beðið eftir þessum umbótum á aðstöðu sinni. Samhliða byggingunni er áætlað að Ríkiseignir endurnýi lagnir á lóð og uppfæri lóðina að öðru leyti.

Verkið var boðið út á árinu 2019 og bærust þrjú tilboð, nokkuð yfir kostnaðaráætlun. Hófust framkvæmdir í nóvember sama ár. Framkvæmdir stóðu fram á haust 2020 og hefur aðstaðan verið tekin í notkun.



*Hús íslenskunnar - áætluð verklok eru í ágúst 2022.*



## Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### 6021310 – Hús íslenskunnar

*Verkefnastjóri: Anton Örn Schmidhauser*

*Verkkaupar: Menntamálaráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: 2006*

*Áætluð verklok: Ágúst 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Byggingaframkvæmdir við Hús íslenskunnar héldu áfram á árinu 2020. Mikill gangur var í uppsteypu auk þess sem gluggaísetning og innsetning stálstrúktúra hófst. Covid 19 faraldurinn hafði ekki teljandi áhrif á gang byggingaframkvæmda sem eru lítillga á undan áætlun.

Framkvæmdirnar við Hús íslenskunnar eru leiðsagnarverkefni fyrir VÖR hugmyndafræðina sem FSR hefur þróað, en þar er gætt sérstaklega að umhverfis-, öryggis- og réttindamálum á verkstað.

Við lok ársins var húsið nánast fullsteypt auk þess sem framkvæmdir innan húss við pípulagnir, raflagnir og loftræstingu voru hafnar.

Stefnt er að því að afhenda húsið verkkaupa í ágúst 2022.

### 6330118 – Listaháskóli Íslands LHÍ

*Verkefnastjóri: Anna Sofía Kristjánsdóttir, Kristján B.*

*Ólafsson, Hróðný Njarðardóttir*

*Verkkaupar: Menntamálaráðuneytið*

*Upphaf verkefnis: Október 2017*

*Áætluð verklok: Liggur ekki fyrir*

*Staða verkefnis í lok árs: Frumathugun og þarfagreiningu lokið*

*Tegund verkefnis: Endurbætur fyrirbyggjandi húsnæðis*

Stefnt hefur verið að úrbótum í húsnæðismálum LHÍ um árabíl. Skólinn er sjálfseignarstofnun en ríkið hefur gefið ádrátt um aðkomu að húsnæðismálum skólans. Mennta- og menningarmálaráðuneytið myndaði stýrihóp ráðuneytis, LHÍ og Ríkiseigna um mitt ár 2017 þar sem verkefnisstjórn var á hendi Framkvæmdasýslunnar.

FSR vann þarfagreiningu og frumathugun fyrir skólann í samvinnu við stýrihópinn.

Skólinn er nú á fimm stöðum í bænum og enn fleiri húsum. Lögð er áhersla á að sameina starfsemi skólans þannig að hún verði öll á einum stað.

Í júní 2020 luku verkefnastjórar FSR frumathugunar-skýrslu sem send var til FJR og MRN. Í skýrslunni voru skoðaðir tveir valkostir, Laugarnes og Vatnsmýri. Annars vegar endurgerð og viðbygging og hins vegar nýbygging.

### 6330219 – Húsnæði menntamálaráðuneytis, Sölvhólgötu 4

*Verkefnastjóri: Ásta Hrönn Maack*

*Verkkaupar: Menntamálaráðuneytið, Ríkiskaup Upphaf verkefnis: Október 2020*

*Áætluð verklok: Byrjun árs 2023*

*Staða verkefnis í lok árs: Áætlanagerð*

*Tegund verkefnis: Endurbætur fyrirbyggjandi húsnæðis*

Skrifstofuhúsnæði menntamálaráðuneytisins er að mörgu leyti barn síns tíma. Sölvhólgata 4 hýsti um árabíl höfuðstöðvar SÍS, en ríkið keypti eignir Sambandsins við Lindargötu og Sölvhólgötu í október 1987 fyrir um 1,5 milljarð að núvirði. Ráðuneyti hafa verið í húsnæðinu í vel á fjórða áratug.

Verkefnið felur í sér umbreytingu 1.500 fermetra á 1. og 2. hæð hússins. FSR hefur umsjón með verkefninu til enda, hönnun, niðurrif og uppbyggingu. Einnig verður gerð brunahönnun á öllu húsinu að Sölvhólgötu 4. Á árinu fór fram hönnunarútboð, en hönnun hófst í kjölfarið. Arkitektastofan Yrki, Hljóðvist ehf., Hnit verkfræðistofa og Örugger verkfræðistofa sjá um alla þætti við hönnun verkefnisins.



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og Guðrún Ingvarsdóttir við Lækningaminjasafnið á Seltjarnarnesi, sem nú á að verða Náttúruminjasafn Íslands.

### 6330207 – Frumathugun fyrir Menntavísindasvið HÍ

*Verkefnastjóri: Hródný Njarðardóttir*  
*Verkkaupar: Menntaálaráðuneytið, HÍ*  
*Upphaf verkefnis: Október 2020*  
*Áætluð verklok: Desember 2020*  
*Staða verkefnis í lok árs: Verkefni lokið*  
*Tegund verkefnis: Gerð frumathugunar*

Menntamálaráðuneytið fór þess á leit við FSR að stofnunin gerði frumathugun fyrir flutning menntavísindasviðs Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóli Íslands) á háskólasvæðið í Vatnsmýrinni. FSR byggði á þarfagreiningu sem gerð hafði verið af starfshópi skipuðum af ráðuneytinu. Vinna FSR fólst í að vega og meta valkosti, hvort nýta mætti þegar byggð hús eða byggja nýja byggingu. Niðurstaða frumathugunar lá fyrir í desember, MVS þarf rúmlega 7.000 m<sup>2</sup> húsnæði og er leitað að því á háskólasvæðinu.

### 6330236 - Náttúruminjasafn Íslands

*Verkefnastjóri: Hródný Njarðardóttir*  
*Verkkaupar: Menntamálaráðuneytið*  
*Upphaf verkefnis: Október 2020*  
*Áætluð verklok: Óvíst*  
*Staða verkefnis í lok árs: Áætlanagerð*  
*Tegund verkefnis: Gerð frumathugunar*

FSR var falið að gera frumathugun á möguleikanum á að koma Náttúruminjasafni Íslands fyrir á Seltjarnarnesi. Frumathugun hófst í október og var lokið í desember. Verkefnið er nú komið í áætlanagerð. Yrki arkitektar höfðu áður en að frumathugun kom teiknað mögulega aðlögun í samstarfi við starfshóp, sem skoðaði hvort hentugt væri að setja NMÍ inn í safnhúsið. Húsinu var upprunalega ætlað að vera Lækningaminjasafn, en þau áform runnu út í sandinn í kjölfar bankahruns.

### 6330174 – Geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands

*Verkefnastjóri: Anna Sofía Kristjánsdóttir*  
*Verkkaupar: Menntaálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið*  
*Upphaf verkefnis: Október 2019*  
*Áætluð verklok: Byrjun árs 2026*  
*Staða verkefnis í lok árs: Áætlanagerð*  
*Tegund verkefnis: Endurbætur fyrirbyggjandi húsnæðis*

Um er að ræða frumathugun vegna áforma um leigu eða byggingu á varanlegu geymsluhúsnæði undir skjöl Þjóðskjalasafns Íslands. Mögulega í samfloti með Þjóðminjasafni, Þjóðleikhúsi, ráðuneyti og fleiri ríkisstofnunum í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Verkkaupi er fjármála- og efnahagsráðuneytið, og mennta- og menningarmálaráðuneytið er fagráðuneyti.



Drög að frumathugun voru kynnt í júní 2020. Þar kom fram að verkefnið var svo umfangsmikið að því var skipt niður í þrjá áfanga. Gerðir voru þrjár verkkaupasamningar fyrir hvert verkefni. Í ljósi þess að brýn þörf var fyrir bráðabirgðageymslu var ráðist í að gera húslýsingu og auglýsa eftir hentugu húsnæði. Auglýst var eftir húsnæði í október og bærust tilboð frá 11 aðilum í nóvember 2020.

Frumathugun fyrir varanlegt geymsluhús er langt komin og bíður þess að endanleg kostnaðaráætlun liggi fyrir. Stærð varanlegs geymsluhúsnæðis er áætluð um 7.700 fermetrar.

Þjóðskjalasafn Íslands með Hrefnu Róbertsdóttur í fararbroddi er samstarfsteymi verkkaupa.

Verkefnið hófst í lok október 2019. Reikna má með að varanlegt geymsluhúsnæði verði tilbúið til notkunar árið 2026.

## Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

### 6142122 – Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs, Kirkjubæjarklaustri

*Verkefnastjóri: Kristján Rafn Harðarson*

*Verkkaupar: UAR*

*Upphaf verkefnis: ???*

*Áætluð verklok: 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var gert ráð fyrir að komið yrði upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggir á þremur meginþingum, það er gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsins, starfsstöðvum landvarða og upplýsingastofum.

Í nóvember 2015 óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gert er ráð fyrir að gestastofan hýsi skrifstofur vestursvæðisins fyrir umsýslu og daglegan rekstur og sýningarsvæði sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi. Aðalhönnuðir gestastofunnar eru Arkís arkitektar. Byggingin verður 765 fermetrar að stærð.

Á árinu 2020 lauk jarðvinnu fyrir byggingu gestastofunnar á Klaustri. Á sama tíma lauk áætlanagerð og útboð var undirbúið. Stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist sumarið 2021.

Stefnt er að því að gestastofan verði opnuð sumarið 2022.

### 6142133 – Þjóðgarðsmiðstöð, Hellissandi

*Verkefnastjóri: Kristján Rafn Harðarson*

*Verkkaupar: UAR*

*Upphaf verkefnis: 2019*

*Áætluð verklok: 2022*

*Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd*

*Tegund verkefnis: Nýbygging*

Nú hillir loks undir að hin glæsilega þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsþjóðgarðs á Hellissandi geti sinnt hlutverki sínu. Árið 2020 var tíðindasamt. Byggingarframkvæmdir voru boðnar út og reyndist Húsheild ehf. bjóða best, eða um 88% af áætlun FSR. Framkvæmdir hófust um sumarið og var uppsteypa komin vel á veg í lok árs.

Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennsluáðstöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 710 m<sup>2</sup>. Byggingin samanstendur af tveimur meginbyggingum sem tengjast saman með miðrymi. Önnur byggingin hýsir umsýslu fyrir daglegan rekstur þjóðgarðsins en hin starfsemi sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi á hans vegum.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfisvottunarkerfið BREEAM, auk þess sem hún er hönnuð með BIM kerfinu sem einfaldar byggingu og rekstur byggingarinnar til allrar framtíðar.

## Utanríkisráðuneyti

### 6061038 – Svefnskálar á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar

Verkefnastjóri: Guðmundur Möller

Verkkaupar: Landhelgisgæslan

Upphaf verkefnis: Okt 2018

Áætluð verklok: Desember 2021

Staða verkefnis í lok árs: Í verklegri framkvæmd


Tegund verkefnis: Nýbygging

Áframhaldandi uppbygging svefnaðstöðu á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar fyrir sveitir NATO.

Valin var leið alútboðs, þar sem verkefni var skilgreint og framkvæmdaaðila falin hönnun og bygging fyrir fast verð.

Landhelgisgæslan annast daglegan rekstur öryggissvæðanna í umboði utanríkisráðuneytis. Verkefnið felst í byggingu tveggja svefnskála með samtals 50 svefnplássum ásamt stoðrymum.

Skálarnir verða staðsettir samkvæmt deiliskipulagsskilmálum fyrir reiti nr. 9 og 11 við Þjóðbraut á Keflavíkurflugvelli. Svefnskálarnir verða í daglegum rekstri Landhelgisgæslunnar. Þetta verkefni snýr að svefnskála á reit 9.







*FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS*

# Fasteignir í ríkiseigu

## Stutt samantekt um fasteignir í eigu ríkissjóðs - febrúar 2021

Fasteignir miðað við eignarhluta (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	904	942,820	177,310,076	289,494,982	312,925,619	248,544,304
Jarðir og eyðibýli	430		6,766,639	14,429,166	16,466,177	12,043,083
Landréttindi	618		18,285,920	460,660	487,298	397,198
Hlunnindi og ræktun	66		260,116	418,826	470,100	338,489
<b>Samtals</b>	<b>2,018</b>		<b>202,622,752</b>	<b>304,803,634</b>	<b>330,349,194</b>	<b>261,323,074</b>

Fasteignir – heildarstærðir (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	904	1,021,203	192,350,264	318,425,018	342,942,047	272,923,299
Jarðir og eyðibýli	430		6,964,497	15,039,199	17,156,149	12,515,792
Landréttindi	618		18,305,199	460,660	487,298	397,198
Hlunnindi og ræktun	66		303,589	505,249	565,417	410,079
<b>Samtals</b>	<b>2,018</b>		<b>217,923,549</b>	<b>334,430,126</b>	<b>361,150,911</b>	<b>286,246,368</b>

### Aths:

Gögnin byggja á þeim færslum í fasteignaskrá Þjóðskrár sem skráðar eru á ríkissjóð sem eiganda fasteigna.

Nokkur fjöldi eigna eru hlutaeignir, í flestum tilfellum er eignarhluti á móti sveitarfélögum.

Jarðir eru ekki metnar í samræmi við reglur um viðmiðun við markaðsverð fasteigna.

Eitthvað af grunnskólabýggingum hafa ekki verið færðar enn á sveitarfélög.

Skráning stærðar á jörðum og lóðum utan þéttbýlis er almennt ekki marktæk.

Í fasteignaskránni er nokkuð breytilegt hvernig eignir og eignarhlutar eru felldar undir fastanúmer þeirra.

Samgöngumannvirki eru ekki metin í fasteignamati en engu að síður er eitthvað af landi undir þeim skráð fasteign á núlli.

Lóðir og landréttindi eru skráðar sem hluti hvernar færslu í lista yfir mannvirki og koma því ekki fram í lista yfir land.

Jörðum, landréttindum, ræktunar- og hlunnindasvæðum fylgir í einhverjum tilfellum blandaður mannvirkjakostur sem þá er ekki skráður í lista yfir mannvirki.

Ríkissjóður á talsvert af landi sem gerðir hafa verið leigusamningar um og kemur ekki fram hér þar sem fasteignaréttindi á lóðum eru breytilega skráð á leigutaka eftir innihaldi samnings.



---

# Þróunar- og samstarfsverkefni

---

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök sem og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

## BIM Ísland

BIM Ísland var stofnað árið 2008 sem samtök opinberra verkkaupa til að styðja við innleiðingu á BIM aðferðafræðinni í opinberum framkvæmdum á Íslandi.

FSR leiddi starf BIM Ísland allt til ársins 2018 en þá var BIM Ísland opnað öllum hagaðilum í byggingariðnaði með það að markmiði að vinna að stöðugum umbótum í notkun BIM og stafrænnar tækni til að auka gæði og hagræðingu í byggingu, viðhaldi og eignamsýslu mannvirkja og vera leiðandi samráðsvettvangur í notkun, þróun og stöðlun á BIM.

Að baki BIM Ísland stendur nú fjölbreyttur hópur fyrirtækja sem vilja styðja við framþróun BIM á Íslandi og stuðla að aukinni framleiðni í byggingariðnaði.

FSR notar BIM í öllum stærri framkvæmdaverkefnum sínum.

## Dokkan

Dokkan er þekkingar- og tengslanet sem stendur fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda á hverju ári í samstarfi við fyrirtæki. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar og tengjast einnig lífinu á vinnustaðnum. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar.

## Byggingavettvangur

Á árinu 2019 gerðist FSR aðili að Byggingavettvangnum (BVV), sem er samráðsvettvangur hagaðila í byggingariðnaði. Hlutverk hans er að tryggja og

efla samtal lykilaðila, stuðla að meiri samhæfingu greinarinnar og betra samstarfi auk þess að auka nýsköpun, rannsóknir og þróun. Forstjóri FSR situr í stjórn Byggingavettvangs.

## Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Til nokkurra ára hefur Háskóli Íslands haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1, en um er að ræða námskeið verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í umhverfis- og byggingaverkfræði. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnastjórnun og framkvæmdafræði í byggingariðnaði.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum á árinu, þeir Ármann Óskar Sigurðsson og Örn Baldursson.

## Grænni byggð

Grænni byggð, Green Building Council Iceland (áður vistbyggðarráð) var stofnað árið 2010 af 32 íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem eiga það sameiginlegt að vilja stuðla að vistvænni þróun byggðar héraendis. Þann 1. nóvember 2018 varð Grænni byggð aðili að alþjóðlegu samtökunum World Green Building Council.

Tilgangur félagsins er að vera leiðandi vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

Grænni byggð starfrækir faghópa á meðal aðildarfélaga, skipuleggur fræðsluviðburði, gefur út fræðsluefni og tekur þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Grænni byggð tekur virkan þátt í erlendu samstarfi við systursamtök, sérstaklega á Norðurlöndum, í gegnum







verkefni og viðburði.

Framkvæmdasýsla ríkisins var einn af stofnaðilum Grænni byggðar og hefur tekið virkan þátt í starfsemi félagsins frá upphafi. Starfsmaður FSR situr í stjórn Grænni byggðar. Bergljót S. Einarasdóttir sat í stjórn Grænni byggðar fyrir hönd FSR frá janúar til maí 2018. Í júní 2018 tók Olga Árnadóttir við stjórnarsetu og situr enn.

Grænni byggð stendur fyrir fjölda viðburða á hverju ári. Hægt er að kynna sér viðburði á vegum samtakanna hér: <https://www.graennibyggd.is/vidburdir-1>

## Jarðtæknifélag Íslands

Jarðtæknifélagið var stofnað 1978 og er viðurkenndur aðili að alþjóðasamtökum í mannvirkjajarðfræði og jarð- og bergtækni. Framkvæmdasýsla ríkisins er stuðningsaðili félagsins ásamt öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

## NKS – Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar / Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum. Haldnar eru ráðstefnur á tveggja ára fresti og stendur starfsmönnum aðildarstofnana til boða aðgangur að sérþekkingu systurstofnanna sem mikið verðmæti er fólgið í fyrir hið smá íslenska samfélag.

## PuRE-net – Vinnuáðstöðusamtök

Á árinu 2018 gerðist FSR aðili að PuRE-net (The Public Real Estate Network) sem eru evrópsk samtök systurstofnana FSR/Ríkiseigna og ráðuneyta þar sem skipst er á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og tengd efni. Samtökin halda árlega vinnustofur um málefni tengd opinberum vinnustöðum þar sem tækifæri gefst til að virkja og efla tengslanet þeirra á milli. Framkvæmdasýslan tekur virkan þátt í þessu starfi

Starfsemin á árinu 2020 fór ekki varhluta af Covid-19, en þrátt fyrir ferðahömlur tókst að viðhalda góðum samskiptum og þekkingarmiðlun milli aðila. Vinnustofur, ársfundur og stjórnarfundir samtakanna fóru fram í

fjarfundarformi en því miður þurfti að fresta árlegri ráðstefnu þar sem fjarfundaformið þótti ekki henta. Ráðstefnan verður haldin í Kaupmannahöfn haustið 2021.

FSR tekur ýmist beinan þátt í vinnustofum eða nýtur gagns af þeim niðurstöðum og ályktunum sem þar koma fram. Má þar nefna vinnustofur um sölu eigna, rekstur eigna og þjónustu (Facility Management), frammistöðuvísa (KPIs) og verkefnamiðað vinnuumhverfi. Til stóð að halda vinnustofu um stefnumótun og viðskiptalíkön á Íslandi, þar sem FSR er gestgjafi í samstarfi við Byggningsstyrelsen í Danmörku, en þeirri vinnustofu var frestað til 2021 vegna heimsfaraldursins.

Á árinu var unnin skýrsla (White Paper), byggð á spurningakönnun til aðildarþjóða, um áhrif Covid-19 á opinbera fasteignastjórnun, núverandi stöðu og mögulega framtíðarþróun. Þá hefur PuRE-Net hafið samstarf við NEFPP (National Executive Forum on Public Property) í Kanada um þekkingar- og upplýsingamiðlun.

## Samtök iðnaðarins

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið 23. janúar 2020 á Grand Hótel Reykjavík. Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR, hélt þar erindi um fyrirhuguð útboð á vegum FSR, Háskóla Íslands, Landspítala háskólasjúkrahúss og Ríkiseigna 2020.

## Steinsteypufélag Íslands

Framkvæmdasýslan er aðili að Steinsteypufélagi Íslands. Helsti viðburður félagsins er hinn árlegi steinsteypudagur. Að þessu sinni var hann haldinn 23. febrúar 2020 á Grand Hótel Reykjavík. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með öflugum fyrirlesurum og tekið á mörgum mikilvægum málum tengdum byggingariðnaðinum.

---

# Rekstur og starfsfólk

---

## Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmum 684 m.kr. sem er rúmum 24% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu 671 m.kr. og voru því rúmum 23% yfir áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um tæpar 137 m.kr. eða 25%. Gjöld hækkuðu um tæpar 128 m.kr. eða 24%. Afkoma stofnunarinnar varð betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir og nam rekstrarafgangur ársins rúmum 13 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir afgangi upp á rúmar 6 m.kr.

Launagjöld og starfsmannakostnaður eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2020 námu þess gjöld rúmum 518 m.kr. eða rúmum 77% af heildargjöldum og hækkuðu milli ára um sem nemur


153 m.kr. eða um 42%. Útgjaldaliðurinn var rúmum 64 m.kr. eða rúmum 14% yfir áætlun ársins. Megin ástæða er að nýráðningar urðu fleiri en lagt var upp með við gerð rekstraráætlunar. Kemur það til vegna aukinna verkefna stofnunarinnar.

Í heildina nam annar rekstrarkostnaður 153 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um 25 m.kr. frá fyrra ári. Lækkunin skýrist að langmestu leyti í því að stofnunin lagði út fyrir kostnaði í þágu verkefna í minni mæli en árið 2019. Áhrifin eru því bæði gjalda og tekjumegin.

Engin breyting varð á afskriftasjóði á árinu og stendur hann í 7 m.kr. í lok ársins.

Í árslok nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar tæpum 61 m.kr.

Velta FSR (m.kr.)






## Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum

framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd jókst velta FSR vegna verkefna um rúm 88% á milli áráanna 2019 og 2020.

**Velta í verkefnum án ofanflóðaverkefna (m.kr.)**




## Starfsmannamál

Umtalsverðar breytingar urðu á mannahaldi stofnunarinnar á árinu 2020. Tveir starfsmenn létu af störfum. Þetta eru þeir Pétur Bolli Jóhannesson og Ólafur Magnús Birgisson. Átta starfsmenn hófu störf ár árinu. Þetta eru Anna María Ágústsdóttir, Ásta Hrönn Maack, Hannes Frímánn Sigurðsson,

Hildur Georgsdóttir, Kristján Sveinlaugsson, Rake! Guðmundsdóttir, Sunna Dóra Sigurjónsdóttir og Þröstur Söring.

Í lok ársins 2020 störfuðu hjá FSR 36 starfsmenn í 35 stöðugildum. Auk þessa starfaði einn starfsmaður í tímavinnu og einn starfsmaður í verktöku. Meðals-töðugildafjöldi yfir árið var 32,7 á móti 25,8 árið áður.


### Meðafjöldi stöðugilda



Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður. Konur voru um áramót 37% af mannafla FSR. Það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að

tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

### Kynjaskipting starfsmanna FSR des 2020







---

# Ársreikningur 2020

---

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framkvæmdasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 684,3 milljónir og afkoma kr. 13,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 61,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.349,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðrún Ingvarsdóttir  
Forstöðumaður





## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Seld þjónusta .....		678.874.814	547.716.213
Framlög og ýmsar tekjur .....		5.400.000	0
<b>Tekjur samtals</b>		<b>684.274.814</b>	<b>547.716.213</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	2	518.388.655	365.309.040
Annar rekstrarkostnaður .....	3	147.926.724	173.357.096
Afskriftir .....		4.364.631	4.474.482
<b>Gjöld samtals</b>		<b>670.680.010</b>	<b>543.140.618</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>13.594.804</b>	<b>4.575.595</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		124.522	48.511
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	4	(444.979)	(72.109)
		(320.457)	(23.598)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>13.274.347</b>	<b>4.551.997</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður .....		23.968.849	15.757.387
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>23.968.849</u>	<u>15.757.387</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	6	24.182.073	19.156.541
Tengdir aðilar .....	7	343.052.282	590.379.371
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		33.741.988	33.729.891
Handbært fé .....		1.924.658.350	558.950.440
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>2.325.634.693</u>	<u>1.202.216.243</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.349.603.542</u>	<u>1.217.973.630</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		61.141.035	47.866.688
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>61.141.035</u>	<u>47.866.688</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	1.795.438.044	926.399.343
Viðskiptaskuldir .....	9	442.085.852	206.517.275
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	50.938.611	37.190.324
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.288.462.507</u>	<u>1.170.106.942</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.349.603.542</u>	<u>1.217.973.630</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.



## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		13.274.347	4.551.997
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		4.364.631	4.474.482
		<u>17.638.978</u>	<u>9.026.479</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(5.037.629)	(24.110.986)
Tengdir aðilar .....		1.103.789.697	(402.490.594)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		249.316.864	94.780.502
		<u>1.348.068.932</u>	<u>(331.821.078)</u>
		<u>1.365.707.910</u>	<u>(322.794.599)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	5	(12.576.093)	(9.519.778)
		<u>(12.576.093)</u>	<u>(9.519.778)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		12.576.093	9.519.778
		<u>12.576.093</u>	<u>9.519.778</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		1.365.707.910	(322.794.599)
Handbært fé í byrjun árs .....		558.950.440	881.745.039
		<u>1.924.658.350</u>	<u>558.950.440</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.



## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	401.854.468	289.786.729
Orlof, breyting .....	18.693.001	6.012.664
Launatengd gjöld .....	91.134.430	66.174.196
Starfsmannakostnaður .....	6.706.756	3.335.451
	<u>518.388.655</u>	<u>365.309.040</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	32,7	25,8
<b>3 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.290.952	1.936.044
Ýmis tæki og áhöld .....	2.988.217	2.468.837
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	16.977	0
Orkugjafar .....	286.900	209.071
Matvæli .....	1.929.258	1.515.120
Almennar rekstrarvörur .....	574.745	170.512
Vörukaup, almenn	<u>7.087.049</u>	<u>6.299.584</u>
Fundir, námskeið, risna .....	4.300.135	4.860.680
Ferðir, uppihald .....	1.726.231	5.354.240
Akstur .....	6.170.647	3.337.019
Sérfræðiþjónusta .....	81.754.134	112.923.152
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	136.545	129.149
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.653.692	3.066.933
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	931.368	991.312
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>100.672.752</u>	<u>130.662.485</u>
Afnotagjöld .....	20.187.736	15.569.756
Leigugjöld .....	13.961.674	13.790.808
Notkun véla og flutningatækja .....	167.270	254.130
Verkkaup .....	1.962.226	1.685.653
Kostnaðarhlutdeild .....	3.814.017	4.779.680
Tilfærslur .....	74.000	315.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>40.166.923</u>	<u>36.395.027</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>147.926.724</u>	<u>173.357.096</u>
<b>4 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	11.040	14.639
Gengistap, verðbreytingar .....	433.939	57.470
	<u>444.979</u>	<u>72.109</u>



## Skýringar

### 5 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	23.968.849	15.757.387
	<u>23.968.849</u>	<u>15.757.387</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	33.444.832	85.905	33.530.737
Viðbætur á árinu .....	12.576.093	0	12.576.093
	<u>46.020.925</u>	<u>85.905</u>	<u>46.106.830</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	17.687.445	85.905	17.773.350
Afskrift ársins .....	4.364.631	0	4.364.631
	<u>22.052.076</u>	<u>85.905</u>	<u>22.137.981</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>23.968.849</u>	<u>0</u>	<u>23.968.849</u>

### 6 Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur .....	24.182.073	19.156.541
	<u>24.182.073</u>	<u>19.156.541</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	11.080.213	19.156.541
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	13.101.860	0
	<u>24.182.073</u>	<u>19.156.541</u>

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	350.052.282	597.379.371
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(7.000.000)	(7.000.000)
	<u>343.052.282</u>	<u>590.379.371</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	49.688.808	256.679.978
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.745.749.236	669.719.365
	<u>1.795.438.044</u>	<u>926.399.343</u>

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	47.866.688	43.314.691
Afkoma ársins .....	13.274.347	4.551.997
Jöfnuður 31.12. ....	<u>61.141.035</u>	<u>47.866.688</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>9 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	442.085.852	206.517.275
	<u>442.085.852</u>	<u>206.517.275</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	440.879.771	206.517.275
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	1.206.081	0
	<u>442.085.852</u>	<u>206.517.275</u>
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	48.960.321	30.267.320
Fyrirframminnheimtar tekur .....	1.978.290	6.923.004
	<u>50.938.611</u>	<u>37.190.324</u>

## 11 Aðrar upplýsingar

### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,3 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 9 milljónum.

### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.





# Stefna, aðgerðir og árangur á árinu 2020

## Yfirlit yfir markmið í kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum FSR árið 2020, ásamt tengdum aðgerðum og mælikvörðum auk umfjöllunar um helstu umbótaverkefni og átaksverkefni ríkisstjórnarinnar í umsjón FSR.

### 1. Áherslur og umbótavinna 2020

Í samræmi við **lög um opinber fjármál** setur FSR sér á hverju ári stefnu, þar sem skilgreind eru markmið í kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum ásamt tengdum aðgerðum og mælikvörðum. Hér á eftir er gerð grein fyrir megináherslum stefnu FSR fyrir árið 2020 auk þess sem gerð er grein fyrir stöðu aðgerða og mælikvörðum í lok ársins. Jafnframt er fjallað um aðrar þær helstu áherslur í stefnu- og umbótamálum stofnunarinnar sem ekki eiga sér skýran samastað í formlegum stefnuverkefnum. Þá er fjallað um verkefni sem tengjast fjárfestingaráttaki ríkisstjórnarinnar vegna Covid19. Ársskýrsla FSR fyrir árið 2020 er væntanleg á næstu vikum en í henni verður að vanda fjallað með ítarlegum hætti um verkefni, umbætur og árangur ársins.

**Árið var um margt sérstakt. Umfang ytri verkefna FSR meira en tvöfaldaðist frá fyrra ári og Covid19 hafði umtalsverð áhrif á vinnufyrirkomulag FSR.** Má því segja að árið 2020 hafi verið allt annað en hefðbundið eða fyrirsjáanlegt rekstrarár og við slíkar aðstæður er hætt á að innri umbótaverkefni víki í amstri dagsins. Til að tryggja framvindu stefnuverkefna var gripið til margvíslegra aðgerða s.s. að innleiða verkfæri straumlínustjórnunar með samhæfðum aðferðum við skilgreiningar og hlutverkaskiptingu stefnuverkefna þar sem framkvæmd og eftirfylgni er unnin í lotum. Ávinningur af þessari aðferðafræði er orðinn vel sýnilegur nú í upphafi árs 2021.


Líkt og hjá öðrum ríkisaðilum skapaði **Covid19** áskoranir í starfsemi FSR og við rekstur framkvæmda. Smit kom upp hjá þremur starfsmönnum FSR í mars og var allt starfsfólk sent heim í kjölfarið. Skipt var yfir í **fjarvinnu** og hélst það fyrirkomulag að hluta allt

árið. Stofnunin var tiltölulega vel í stakk búin tæknilega til að takast á við áskoranir Covid19 og olli þessi breyting ein og sér óverulegum áhrifum í daglegum störfum stofnunarinnar. Þá var allt árið unnið jafnt og þétt að **geðræktaráttaki** til að viðhalda andlegri heilsu og vinnuþreki starfsfólks við þessar nýju aðstæður samhliða stórauknu verkefnaálagi. Það heppnaðist mjög vel með góðri samvinnu við starfsmannafélagið og neikvæð áhrif á bæði innri og ytri verkefni voru óveruleg.

Mesta áskorunin í starfsemi FSR á árinu var hins vegar án efa **mikill vöxtur ytri verkefna** sem sjá má á mynd 1. Þessi mikli vöxtur hefur skapað umtalsverðar áskoranir en hann fer saman við mikla **nýliðun** innan stofnunarinnar um leið og unnið er að **uppfærslu lykil verkferla** í störfum FSR, s.s. á stigi frumathugunar og áætlunargerðar. Þá var stafrænt umhverfi stofnunarinnar orðið úrelt en formleg vinna við umbætur þar hófst í seinni hluta árs 2019 og á árinu 2020 voru keyrð „pilot“-verkefni sem liður í innleiðingu nýs hugbúnaðar fyrir verkefnastýringu og skjalastjórnun framkvæmda. Húsnæði stofnunarinnar var jafnframt takmarkandi þáttur við vöxt verkefna og fjölgun starfsmanna en farin var sú leið með góðri aðstoð Ríkiseigna að fara í bráðabirgðaendurgerð hluta aðstöðu í samræmi við hugmyndafræði verkefnamiðaðs vinnuumhverfis **VMV**. Um leið var **frjálst sætaval** og föst heimild til fjarvinnu innleidd innan allra sviða nema rekstrarsviðs sem er með fasta viðveru í B7. FSR nýtir nú rými sem nemur 9,99 m<sup>2</sup> per starfsmann en almennt viðmið í sambærilegu húsnæði er nú 18-20 m<sup>2</sup>. Þó ljóst sé að stakur sé of þröngt sniðinn til lengri tíma hafa þrengslin verið nýtt til að prófa nýjar lausnir og um leið meta hvaða aðferðir megi hagnýta til að **hámarka rýmisnýtingu** í skrifstofuhúsnæði ríkisins.



Mynd 1: Fjárhagslegt umfang verkefna FSR 2015-2020




## 2. Stefnuverkefni FSR 2020

**Helstu áherslur** FSR endurspeglast í stefnuþríhyrningi stofnunarinnar. Þar er starfseminni skipt upp í kjarna-starfsemi og rekstrarþætti sem hver um sig hefur skilgreinda þrjá áhersluþætti; **samfélag, byggingariðnað** og **verkefni FSR** fyrir kjarnastarfsemi annars vegar og rekstur, þjónustu og mannauð fyrir rekstrarþætti hins vegar. Fyrir hvern áhersluþátt er skilgreint meginmarkmið (sjá mynd 2: Stefnuþríhyrningur FSR).


Fyrir hvert meginverkefni í stefnuþríhyrningi FSR eru skilgreind stefnuverkefni (verkefni/aðgerðir)

auk mælikvarða til að fylgja eftir og meta árangur þeirra aðgerða sem gripið er til. Á mynd 3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir mörg stefnuverkefnanna (flest stefnuverkefni fyrir rekstrarþætti eru undanskilin) og hvernig þau tengjast lögformlegu ferli opinberra framkvæmda. Litakóðun stefnuverkefna á myndinni vísar til litakóðunar stefnuþríhyrnings. Í töflum 1-6 er samantekt á viðeigandi mælikvörðum þar sem fram kemur staða í árslok 2019, viðmið fyrir árið 2020 og staða í árslok 2020. Jafnframt er stutt umfjöllun um þær aðgerðir (stefnuverkefni) sem unnið var að.

**Mynd 2: Stefnuprihyrningur FSR**



**Mynd 3: Samspil stefnuverkefna FSR og ferlis opinberra framkvæmda**





**Tafla 1: KJARNASTARFSEMI**

Nr.	Markmið			
A1	<b>Ábyrg fjárfesting með samfélagslegum ávinningi</b>			
	Mælikvarðar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
	Betri nýting rýma með færri fermetrum á hvern starfsmann í húsnæðisöflunarverkefnum FSR.	19,8 m <sup>2</sup> eldra húsnæði  17,4 m <sup>2</sup> nýbyggingar	20 m <sup>2</sup> eldra húsnæði  18 m <sup>2</sup> nýbyggingar	16,4 m <sup>2</sup> eldra húsnæði  18,9 m <sup>2</sup> nýbyggingar. Ath. verkefni þar sem línur voru lagðar 2018 þegar viðmið var 20m <sup>2</sup>
	Hlutfall framkvæmda- og húsnæðisöflunarverkefna á vegum FSR sem taka mið af framkvæmda- og fjárfestingaáætlun.	Innleiðing	40% Markmið voru endurmetin í stefnu 2021 þar sem viðmið 2023 var 30%	Verkefni á bið Framkvæmda- og fjárfestinga-áætlun liggur ekki fyrir.
Nr.	Verkefni/aðgerðir		Staða aðgerða	
A1.1	Þróa og innleiða framkvæmda- og fjárfestingaáætlun í samvinnu með fjármála- og efnahagsráðuneytinu.		Verkefni á bið – lagabreyting	
A1.2	Eftirfylgni og kynning stærðarviðmiða og nýjunga í þróun vinnuumhverfis.		Aðgerð komin á veg	
A1.3	Þróun valkostagreininga og fjárfestingarlíkana við húsnæðisöflun og framkvæmdir á vegum ríkisins.		Aðgerð komin á veg	

**Hér eru skilgreind þrjú stefnuverkefni:**

**A1.1 Þróa og innleiða framkvæmda- og fjárfestingaáætlun í samvinnu með fjármála- og efnahagsráðuneytinu (vinnuheiti A1.1 F&F)**

FSR vann í upphafi ársins verkefnisáætlun sem tekin var til umfjöllunar FJR. Umfang og eðli verkefnisins hefur þróast nokkuð og frekara samtal milli FSR og FJR þarf að eiga sér stað til að skilgreina hvernig frekari vinnslu og aðkomu FSR verður háttáð. Þar skiptir m.a. máli hvernig frumvarpi til laga um fjárfestingar muni vegna á vorþingi. Verkefnið hefur verið á bið frá vori 2020 þegar verkefnisáætlun FSR var lögð fram.

## A1.2 Eftirfylgni og kynning stærðarviðmiða og nýjunga í þróun vinnuumhverfis (vinnuheiti A1.2 VMV)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Viðskiptavinir sem koma að mótun aðstöðu ríkisaðila hafi vitneskju um og upplýsingar um þau viðmið sem gilda þar um.
- Ný viðmið skrifstofuhúsnæði verði tekin upp í verkefnum sem FSR er að vinna með.
- Starfsfólk FSR hafi þekkingu og verkfæri (m.a. innan gæðakerfis) til þess að vinna með ný viðmið.
- FSR sé leiðandi í mótun og innleiðingum nýjunga í vinnuumhverfi hins opinbera.

Verkefnið gekk vel á árinu sem lauk með útgáfu nýrra viðmiða um vinnuumhverfi í desember 2020. FSR leitaði á árinu eftir samstarfi við Stafrænt Ísland og Kjara- og mannauðssýslu með það að markmiði að viðmiðin tækju ekki einvörðungu til vinnuaðstöðu og húsnæðis heldur endurspegluðu samhengi mannauðs, stafrænna innviða og aðstöðu. Tókst sú samvinna vel og standa vonir FSR til að enn frekari samhæfing muni eiga sér stað í þessum efnunum á komandi árum. Starfsmenn FSR héldu fjölda fræðsluerinda um þróun vinnuumhverfis opinberra aðila og innleiðingu verkefnamiðaðs vinnuumhverfis. Mikillar vakningar verður vart í þessum efnunum og hefur Covid19 enn frekar hraðað þeirri þróun og má sjá þess skýr merki í þeim skrifstofuverkefnum sem FSR vinnur nú að.

## A1.3 Þróun valkostagreininga og fjárfestingalíkana við húsnæðisöflun og framkvæmdir á vegum ríkisins (vinnuheiti A1.3 þróun valkostagreininga)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Bæta verklag til að finna bestu/hagkvæmustu mögulegu valkosti á hverjum tíma
- Búa til viðmiðunarreglur og gátlista valkostagreiningar
- Niðurstaða valkostagreiningar verði tæki til forgangsröðunar
- Fá fram og uppfæra þarfir verkkaupa og notenda í valkostagreiningu
- Fá fram hver/hverjir beri ábyrgð á áætlun um stofnkostnað, rekstrarkostnað og niðurstöðu fjármálalíkans
- Ná fram bestu nýtingu á tímum starfsfólks FSR við vinnslu og gerð valkostagreininga og kostnaðaráætlana

Á árinu var innleitt nýtt sniðmát frumathugana þar sem valkostagreining fær aukinn sess og víðari skírskotun þar sem m.a. er fjallað um útboðsleiðir með ítarlegri hætti en áður, hagsmunaaðilar eru greindir með tilliti til áhættu og kostnaðargreining er framkvæmd með ítarlegri hætti. Verkefnið hefur þegar skilað markverðum árangri en frekari þróun verður haldið áfram í samvinnu með FJR á þessu ári.



**Tafla 2: KJARNASTARFSEMI**

Nr.	Markmið			
A2	<b>Sjálfbær framþróun byggingariðnaðar og manngerðs umhverfis.</b>			
	Mælikvarðar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Staða 2020
	Hlutfall verkefna (yfir 500 milljóna velta) sem nýta BIM.	92%	95%	92%
	Hlutfall verkefna með umhverfisstefnu, þ.m.t. vottun verkefni yfir 500 m.kr. í framkvæmdakostnað – ofanflóðaverkefni eru ekki talin með	100%	95% vottuð verkefni	95%
Hlutfall verkefna unnin skv. skilgreindum umhverfisviðmiðum án vottunar	Innleiðing	Innleiðing	Innleiðing	
Hlutfall nýrra framkvæmdaverkefna þar sem viðmið FSR um samfélagslega ábyrgð (sbr. VÖR aðferðafræðina) er kynnt og innleidd í samstarfi við aðalverktaka.	Innleiðing	75%	100%	
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
A2.1	Þróun og innleiðing aðferðafræði BIM í framkvæmdaverkefnum á vegum FSR. Framhald af fyrra verkefni.	Áfanga lokið		
A2.2	Skilgreining og eftirfylgni umhverfisviðmiða í öllum meginverkefnum í umsjón FSR, bæði með og án vottunar.	Aðgerð komin vel á veg		
A2.3	Þróun samstarfsmiðaðra innkaupaaðferða og útboðsforma í húsnæðisöflun og verklegum framkvæmdum á vegum FSR	Undirbúningur hafinn		
A2.4	Eftirfylgni og miðlun leiðsöguverkefnisins um samfélagslega ábyrgð í framkvæmdum á vegum FSR - VÖR (vistkerfi-öryggi-réttindi)	Aðgerð komin vel á veg		

**Hér eru skilgreind þrjú stefnuverkefni:**

**A2.1 Þróun og innleiðing aðferðafræði BIM í framkvæmdaverkefnum á vegum FSR (vinnuheiti A2.1 BIM)**

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Tryggja verkferli, gæði og áreiðanleika stafrænna upplýsinga sem hönnuðir og verktakar skila verkkaupa / FSR í framkvæmdaverkefnum.

- Eiga samtal við markaðinn sem gefi helstu lykilaðilum á markaðnum og ráðgjöfum í verkefnum FSR tækifæri til að koma með ábendingar og tryggja aðkomu markaðarins að afurð verkefnisins.
- Samræmdir skilmálar verði fyrir öll verkefni FSR
- Vönduð útgáfa með faglegu umbroti.
- Kynna verkefnið fyrir markaðnum
- Opinn aðgangur fyrir alla á markaðnum

Verkefnið felst í því að gera formlegar BIM forskriftir hjá FSR til að tryggja verkferli, gæði og áreiðanleika stafrænna upplýsinga sem hönnuðir og verktakar skila verkkaupa í framkvæmdaverkefnum. Meginþungi ársins 2020 fólst í gerð forskrifta og samtali um þær við lykilaðila á markaði og lauk þeim áfanga á árinu eins og að var stefnt. Nýr áfangi fyrir árið 2021 er í vinnslu og lýtur að formlegu umsagnarferli og útgáfu. FSR er og hefur verið frumkvöðull hvað þetta varðar á íslenskum byggingamarkaði.

## A2.2 Skilgreining og eftirfylgni umhverfisviðmiða í öllum meginverkefnum í umsjón FSR, bæði með og án vottunar (vinnuheiti A2.2 skilgreining umhverfisviðmiða)

FSR hefur markað sé stefnu um að verkefni yfir ákveðinni stærðargráðu hljóti BREEAM umhverfisvottun. Jafnframt er unnið að því að marka stefnu um skilgreiningu umhverfisviðmiða minni verkefna sem ekki hljóta formlega vottun. Verkefnið er því tvíþætt; annars vegar að votta stærri verkefni og um leið að meta reynsluna af vottunarferlinu hjá viðskiptavinum og ráðgjöfum og hins vegar að skilgreina umhverfisviðmið fyrir verkefni FSR sem fara ekki í umhverfisvottun.

Á árinu átti sér stað umfangsmikil fræðslu- og kynningarvinna til verktaka er koma að framkvæmdaverkefnum á vegum FSR. Hafin var vinna að fyrsta BREEAM-refurbishment verkefni FSR. Mikillar vakningar varð vart á árinu meðal markaðsaðila og skilaði samstarf með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Grænni byggð umtalsverðum ávinningi fyrir FSR á árinu. Frekar verður unnið að skilgreiningu viðmiða í smærri verkefnum á árinu 2021 og önnur vottunarkerfi en BREEAM eru jafnframt til skoðunar.

## A2.3 Þróun samstarfsmiðaðra innkaupaaðferða og útboðsforma í húsnæðisöflun og verklegum framkvæmdum á vegum FSR (vinnuheiti A2.3 þróun samstarfsmiðaðra innkaupaðferða)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Tryggja hagkvæm innkaup fyrir ríkið
- Efla nýsköpun í innkaupum/útboðum FSR
- Nota útboð til að hafa áhrif á ýmsa samfélags- og umhverfislega þætti
- Efla gæðapátt innkaupa
- Koma á rammamningi um þjónustukaup FSR og RE



Innkaupaaðferðir í opinberri mannvirkjagerð hefur verið umfjöllunarefni hjá FSR og systurstofnunum erlendis um nokkurt skeið þar sem framþróun í samstarfsumgjörð þátttakenda er talin geta skilað ávinningi fyrir alla hagsmunaaðila. Á árinu var mat útboðsleiða á stigi frumathugunar tekið til endurskoðunar og nýtt sniðmát tekið í notkun. Áfram er unnið að þróun matslíkans á þessu ári en markmið þess er að draga með skýrari hætti fram heppilega útboðsleið byggð á umfangi, áhættu og sérhæfingu verkefnis um leið og litið er til svæðisbundinna markaðsaðstæðna.

Á árinu var boðið út fyrsta alútboðið um nokkurra ára skeið en í alútboði vinna hönnuðir og verktaki saman í teymi í stað þess að fullnaðarhönnun ljúki áður en verktaki kemur að borðinu líkt og er reyndin í hefðbundnu útboði framkvæmdar. Hafinn var undirbúningur að alútboðum með föstu verði í þremur hjúkrunarheimilisverkefnum sem boðin verða út á árinu 2021. Markmið þeirrar aðferðafræði er að ná aukinni hagkvæmni í byggingu hjúkrunarheimila. Því er náð fram með skýrum forsögnum þar sem byggð er á reynslu rekstraraðila og með því að hönnuðir og verktakar vinni saman að lausn verkefnis frá upphafi. Með því að hafa fast verð keppa teymi á grundvelli gæða og þannig á sér stað samkeppni um bestu og hugvitsamlegustu hönnunina sem valin er til byggingar. Í árslok var hafin vinna með Ríkiseignum að undirbúningi sameiginlegs rammisamnings við innkaup á ráðgjöf. Þá var á seinni helmingi ársins hafin formleg skoðun á möguleikum svokallaðrar „Alliance“-samningsleiðar við íslenskar markaðsaðstæður. Samhliða þessu var unnið að umbótum í almennum útboðs- og samningsskilmálum FSR fyrir verklega framkvæmd.

#### **A2.4 Eftirfylgni og miðlun leiðsöguverkefnisins um samfélagslega ábyrgð í framkvæmdum á vegum FSR – VÖR (vistkerfi-öryggi-réttindi)**

Meginmarkmiðið með þessu stefnuverkefni er að FSR sé leiðandi afl á byggingarmarkaðinum í því að standa vörð um umhverfismál, öryggismál og réttindi og aðbúnað starfsmanna í verklegum framkvæmdum. Verkefnið hófst 2019 og hefur Hús Íslenskunnar verið notað sem „leiðsöguverkefni“ fyrir aðferðafræðina. Um er að ræða samstarfsverkefni FSR og Ístaks en jafnframt hafa Vinnueftirlitið og ASÍ komið að vinnslu þess.

Verkefnið hefur gengið vel hvað varðar umhverfishlutann en með hagnýtingu BREEAM umhverfisvottunar er tryggt að til staðar séu skýrar verklagsreglur og mælingar á verkstað. Þá hefur öryggisþátturinn verið til fyrirmyndar og hefur samvinna FSR með ÍSTAK í þeim efnum skilað markverðum ávinningi fyrir FSR sem hafður er til hliðsjónar í nýjum verkefnum. Sá þáttur sem erfiðast hefur reynst að innleiða er réttindapátturinn en FSR telur nú ljóst að umbætur á lagaumhverfi þurfi til að raunhæft sé að fylgja keðjuábyrgð eftir með markvissum hætti. Nú eru tæp 2 ár síðan keðjuábyrgð var færð inn í lög um opinber innkaup og enn skortir á samræmt verklag um eftirfylgni þess og verkkaupar og verktakar eru m.a. óvissir hvernig beita eigi ákvæðinu. Svo virðist einnig sem lagaheimildir skorti til að eftirlitsaðilar geti deilt upplýsingum með verkkaupum eða hinu opinbera. FSR hefur þegar hafið samtál við Samtök iðnaðarins og Vinnueftirlit í þessum efnum og mun á næstunni senda erindi til FJR með ósk um að keðjuábyrgðarákvæði verði tekin til frekari framþróunar með aðkomu Vinnueftirlits, Vinnumálastofnunar, Skattsins og aðila iðnaðar og vinnumarkaðar.

**Tafla 3: KJARNASTARFSEMI**

Nr.	Markmið			
A3	<b>Aukin gæði, hagkvæmni og skilvirkni í verkefnum FSR.</b>			
	Mælikvarðar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Staða 2020
	Frávik tímaáætlana framkvæmdaverkefna.	+ 22,8 % tvö lítil verkefni sem lauk á árinu	+/- 15%	+ 11%
	Frávik kostnaðaráætlana framkvæmdaverkefna.	+ 11,9 % tvö lítil verkefni sem lauk á árinu	-5% til +10%	+3,6% skilamót 10 verkefna
	Hlutfall reglubundinna, staðlaðra framvinduskýrsla í framkvæmdaverkefnum á stigi áætlunargerðar og framkvæmda hjá FSR.	Innleiðing	50% áætlunargerð  80% verklegar framkvæmdir	Innleiðing mótun staðlaðrar skýrslu sem stjórnækis er í vinnslu  90%
Hlutfall staðlaðrar árangursskýrslu við lok áfanga áætlunargerðar og verklegra framkvæmda.	Innleiðing	100%	70% áætlunargerð  100% verklegar framkvæmdir	
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
A3.1	Bætt yfirsýn yfir raunstöðu verkefna m.t.t. kostnaðar og tíma með eflingu stafrænna verkferla í verkefnastjórnun hjá	Aðgerð komin vel á veg		
A3.2	Þróun og innleiðing flokkunar ytri verkefna FSR (A/B/C) með hliðsjón af umfangi, sérstöðu, flækjustigi og aðkomu hagsmunaaðila sem grundvöllur verkefnastjórnunar.	Aðgerð komin vel á veg		
A3.3	Þróun verkefnisáætlana (A/B/C) fyrir öll verk, vörður verkefna, kostnaður, tími og mönnun á mismunandi stigum verka.	Aðgerð komin vel á veg		



## Hér eru skilgreind þrjú stefnuverkefni:

### A3.1 Bætt yfirsýn yfir raunstöðu verkefna m.t.t. kostnaðar og tíma með eflingu stafrænna verkferla í verkefnastjórnun hjá FSR (vinnuheiti A3.1 Stafrænt FSR)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Aukið gagnsæi og upplýsingagjöf til viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila í heildarferli verkefna á vegum FSR
- Stuðla að betri þjónustu við viðskiptavini
- Að auka gæði verkefnastjórnunar, ákvarðanir séu byggðar á dagréttum gögnum
- Einföldun skjalaumsýslu, tryggt sé að ávallt sé unnið með gildandi útgáfu af skjali
- Að auka skilvirkni starfsfólks
- Auka starfsánægju starfsfólks

Verkefnið kjarnast í því að velja og innleiða hugbúnað sem styður, mótar og eykur skilvirkni helstu verkferla í starfsemi stofnunarinnar. Um leið eru helstu verkferlar í endurskoðun með tilheyrandi þekkingaruppbyggingu og breytingastjórnun. Verkefnið snýr að öllum verkefnum á vegum stofnunarinnar; jafnt hefðbundnum framkvæmdaverkefnum, ráðgjafarverkefnum og stefnu- og umbótaverkefnum.

Á árinu 2020 var m.a. unnið að því að endurskipuleggja heildar kerfismynd lykilkera hjá FSR m.t.t. samspils verkefnastjórnunarkerfis, fjárhagsbókhalds, verkþókhalds, skjalastjórnunar, rafræns flæðis reikninga, reikningasampykta, samningaumsýslu, greininga o.fl. Unnið var að pilotverkefni með hugbúnað um verkefnastjórnun og verkefnayfirsýn auk skoðunar á hugbúnaði fyrir umsýslu leigusamninga, gæðakerfi o.fl. Þá var unnið með umbætur á skjalaumsýslu í verkefnum og fyrir formleg stafræn samskipti milli ráðgjafa, verktaka og verkkaupa. Með aukinni áherslu á greiningar var auglýst eftir sérfræðingi í vörhúsi gagna, greiningum og framsetningu gagna og hóf hann störf í upphafi árs 2021.

### A3.2 Þróun og innleiðing flokkunar ytri verkefna FSR (A/B/C) með hliðsjón af umfangi, sérstöðu, flækjustigi og aðkomu hagsmunaaðila sem grundvöllur verkefnastjórnunar (vinnuheiti A3.2 móttökuferli verkefna)

Markmið verkefnisins eru:

- Að leggja drög að því að auka afleitt virði verkefna FSR varðandi lykilkætti og ávinning hagsmunaaðila
- Að bæta skilvirkni í heildarferli ytri verkefna hjá FSR
- Að bæta sameiginlegan skilning verkkaupa og FSR varðandi ferli verkefnis, tímasetningar og hlutverk
- Að sátt verði um nýtt verklag meðal lykil hagsmunaaðila

Verkefnið skiptist í tvo meginþætti á árinu. Á fyrri hluta þess var unnið að innleiðingu hagsmunaaðilagreiningar á stigi frumathugunar og hún innleidd í nýju sniðmáti frumathugunar. Á síðari hluta ársins, var sjónum beint að móttökuferli verkefna hjá FSR en reynslan hefur sýnt að þegar verkefnisbeiðnir berast eru verkefnisforsendur oft óljósar og veldur

Það töfum og óskilvirkni við vinnslu verkefnið, jafnvel þannig að um tvíverknað verður að ræða. Með skýrum gátlistum og leiðbeiningum um grunn gögn sem leggja þurfi fram við vinnslu verkbeiðni telur FSR að ná megi fram verulegum ávinningi í forni tímasparnaðar og lækkun kostnaðar, einkum við vinnslu frumathugana. Þá er unnið að innleiðingu frumgreiningar verkefnis á stigi verkbeiðni (A/B/C) sem myndi grunn fyrir skipulagningu verkefnisstýringar, mönnun verkefnis og kostnaðar/fastverðsáætlunar. Frekari vinnsla og kortlagning ferla og gagna hefur haldið áfram í ársbyrjun 2021.

### A3.3 Þróun kostnaðaráætlana (kostnaðarbanki FSR og rauntölur úr magntöluskrám). Áhersla á kostnaðaráætlanir í áætlunargerð (vinnuheiði A3.3 kostnaðarbanki FSR)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Að þróa frekar kostnaðargrunn / kostnaðarbanka til að styrkja gerð kostnaðaráætlana
- Að kostnaðargrunnur verði notendavænni
- Að nýta betur fjármuni við úrlausn á ytri verkefnum FSR og auka samlegð í vinnslu verkefna
- Tryggja áreiðanlegar upplýsingar við gerð kostnaðaráætlana
- Samræma verklag við gerð kostnaðaráætlana
- Að undirbyggja grunn til innleiðingar framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar

Þróun kostnaðaráætlana er og verður viðvarandi verkefni hjá FSR en á árinu var lögð megináhersla á að greina gæði fyrirbyggjandi gagna sem og stöðu eldri gagnabanka. Nýtt svið fjárfestingaáætlana og greiningar tók við formlegri stýringu kostnaðarbanka FSR og hóf undirbúning uppbyggingar notendavænni gagnagrunna fyrir reynslutölur. Kostnaðaráætlanir verða líkt og áður unnar af teymi sem þverar fagsvið FSR en teymisstjórn hefur nú verið færð á hendi hins nýja sviðs sem m.a. mun hagnýta BI-lausrir til að einfalda vinnslu kostnaðaráætlana á mismunandi þroskastigum verkefna með hliðsjón af tegund aðstöðu, flækjustigi og staðsetningu. Þá hefur FSR átt samtal við Samtök iðnaðarins um framþróun kostnaðaráætlana en samtökin vinna nú að umbótaverkefni sem miðar að því að samræma hugtakanotkun og aðferðir kostnaðaráætlana meðal ráðgjafa og verktaka á grundvelli bandarísks kostnaðaráætlanalíkans sem kostnaðaráætlanir FSR byggja einnig á.



**Tafla 4: REKSTRARÞÆTTIR**

Nr.	Markmið			
B1	<b>Ábyrgur og hallalaus rekstur.</b>			
	Mælikvarðar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
	Mánaðarleg uppgjör rekstrarsviðs á fjárhagi stofnunarinnar.	Afk. 4,6 m.kr.	Afk > 0	Afk. 13,3 m.kr.
	Mánaðarleg greining á innseldum og útseldum tímum. Fjöldi útseldra tíma sem hlutfall af heildar tímanotkun FSR (fjarvistir innifaldar).	48%	50%	47% 53% ef fjarvistir eru teknar útvinnslu
Skrefi 3 í grænum skrefum lokið.	Skrefi 2 lokið	Skrefi 3 lokið	Skrefi 4 lokið lokið og FSR fékk gullhjólavottun	
Nr.	Verkefni/aðgerðir		Staða aðgerða	
B1.1	Vönduð áætlunargerð (rekstraráætlun FSR).		Aðgerð lokið	
B1.2	Mánaðarleg eftirfylgni með rekstri.		Aðgerð lokið	
B1.3	Greining á tekjum og útgjöldum.		Aðgerð lokið	
B1.4	Innleiðing grænna skrefa í ríkisrekstri, (skrefi 3 lokið 2020).		Aðgerð lokið	

**Hér eru skilgreind þrjú stefnuverkefni:**

**B1.1 Vönduð áætlunargerð (rekstraráætlun FSR)**

Verkefnið fjallar um reglubundna áætlunargerð fyrir rekstur FSR og stöðugar endurbætur á því sviði.

**B1.2 Mánaðarleg eftirfylgni með rekstri**

Verkefnið fjallar um fjárhagslega eftirfylgni í rekstri stofnunarinnar. Unnin eru mánaðarleg rekstraryfirlit sem tekin eru til umfjöllunar á fundi framkvæmdastjórnar.

### B1.3 Greining á tekjum og útgjöldum

Verkefnið fjallar um greiningar og upplýsingagjöf á tekjum og útgjöldum stofnunarinnar.

Í verkefnum B1.1, B1.2 og B1.3 og í tengslum við stefnuverkefni A3.1 stafrænt FSR er m.a. lögð áhersla á að:

- Bæta verkþókhald og verkefnastýringu
- Auka fyrirsjáanleika í rekstri og yfirsýn yfir stöðu verkefna
- Aukna skilvirkni og gæði greininga í rekstri og áætlunargerð

### B1.4 Innleiðing grænna skrefa í ríkisrekstri

Verkefnið fjallar um að innleiða grænt skref nr. 3 í takt við stefnu stjórnvalda þar um. Það var gert á árinu og gott betur þar sem skref 4 var einnig innleitt ásamt því að stofnunin fékk gullhjólavottun. Jafnframt var hafin undirbúningsvinna vegna Loftslagsáætlunar FSR.

## Tafla 5: REKSTRARÞÆTTIR

Nr.	Markmið	Staðan 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
B2	<b>Stöðugar umbætur með þjónustu og gæðamarkmið að leiðarljósi.</b>			
	<b>Mælikvarðar</b>			
	Mæla ánægju viðskiptavina með árlegri netkönnun.	3,81	3,8	3,85
	Hlutfall reglubundinna, staðlaðra framvinduskýrsla í stefnuverkefnum FSR.	Innleiðing	100%	100%
	Fjöldi athugasemda / frávíka í ytri úttektum (ytri úttekt framkvæmd tvisvar á ári).	7+3	12+0	7+0
Þátttaka starfsmanna í nýsköpunarmóti FSR.	56%	50%	Mótið var fellt niður vegna Covid19	
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
B2.1	Hagræðing innri verkferla til að auka skilvirkni og bæta þjónustu við viðskiptavini (tengist A3.1).	Aðgerð lokið		
B2.2	Árlegt nýsköpunarmót FSR.	Féll niður vegna Covid19		
B2.3	Innri úttektir.	Aðgerð lokið		

## B2.1 Hagræðing innri verkferla til að auka skilvirkni og bæta þjónustu við viðskiptavini (vinnuheiti B2.1 hagræðing innri verkferla)

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Að bæta þjónustu við viðskiptavini
- Að starfsfólk FSR skilji hverjir eru helstu verkferlar hjá FSR, starfsfólk skilji samhengi helstu verkferla hjá FSR og hvernig þeir endurspegla hlutverk FSR
- Að upplýsingar um hvern verkferil séu settar fram á einfaldan og auðskiljanlegan hátt í gæðahandbók
- Að aðgengi að helstu verkferlum sé einfalt og auðvelt sé að finna viðeigandi upplýsingar

Í tengslum við þróun á hlutverki FSR undanfarin misseri með breyttum áherslum hafa orðið og munu verða breytingar og/eða áherslubreytingar á mörgum af helstu verkferlum FSR. Sumir verkferlar hafa verið uppfærðir í gæðahandbók, aðrir ekki og er því lögð áhersla á að skapa yfirsýn yfir allt gæðastarf sem tengist þróun verkferla sérstaklega, sem og að tryggja að gæðahandbók stofnunarinnar endurspegli þær breytingar. Í verkefninu eru tengdir saman og haldið utan um þróun verkferla sem verða til í öðrum stefnuverkefnum og í öðrum umbótaverkefnum. Á árinu var m.a. unnið að endurbótum á gerð frumathugana þar sem m.a. var skerpt á skilum milli forathugunar og frumáætlunar og valkostagreining og áhættumat fær aukinn sess. Þá var unnið að umbótum á útboðs- og samningsskilmálum, verkferli fyrir skil stafrænna gagna í verkefnum voru bætt, unnið var með nýjungar í matsferli boðinna lausna í stærri leiguverkefnum og undirbúningur hafinn að skýrari samskiptum milli hagsmunaaðila í upphafi verkefna. Rekstrar- og gæðahandbók FSR var yfirfarin og rýnd og lögð fram fyrstu drög að nýjum áherslum hvað innihald og uppsetningu varðar.

## B2.2 Árlegt nýsköpunarmót FSR

Fyrsta nýsköpunarmót FSR var haldið 2019 með mjög góðum árangri. Í ljósi þeirrar reynslu var ákveðið að gera þetta að árlegum viðburði. Vegna áhrifa Covid19 var ákveðið að fresta nýsköpunarmótinu árið 2020.

## B2.3 Innri úttektir

Gæðastjórnunarkerfi FSR er vottað í samræmi við kröfur ISO 9001. Þetta verkefni snýst í megindráttum um að vinna að stöðugum úrbótum og að úttektir rýni mikilvæg atriði í starfsemi stofnunarinnar.





**Tafla 6: REKSTRARÞÆTTIR**

Nr.	Markmið			
B3	<b>Öflugur mannauður og góður starfsandi.</b>			
	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Staðan 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Staðan 2020</b>
	Fjöldi skráðra og bókaðra starfsmannasamtala þar sem farið er yfir frammistöðu, árangur og viðhorf starfsmanns til vinnu sinnar. Markmið stofnunar og starfsmanns eru rædd.	100%	100%	100%
	Fjöldi launasamtala.	100%	100%	100%
	Ánægjukönnun, stofnun ársins – Sameyki (áður SFR).	3,92	4,1	4,02
	Hlutfall starfsmanna sem sótt hefur sér símenntun eða fræðslu á árinu.	95%	90%	95%
	Fjöldi starfsmannaviðburða/-ferða með fræðslu.	6	4	10
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
B3.1	Starfsþróunar- og launasamtöl.	Aðgerð lokið		
B3.2	Fjölbreyttir starfsmannaviðburðir / -ferðir með fræðslu	Aðgerð lokið		
B3.3	Innleiðing jafnlaunastaðals.	Aðgerð komin vel á veg í samráði við FJR var ákveðið að framlengja þessari vinnu fram á árið 2021 vegna fyrirhugaðrar sameiningar FSR og Ríkiseigna		

### B3.1 Starfsþróunar- og launasamtöl

Starfsþróunar- og launasamtöl fara fram milli starfsfólks og stjórnenda á hverju ári. Á árinu var skipulag starfsþróunarsamtal þróað með hliðsjón af aukinni breidd í menntunarbakgrunni starfsfólks og breyttu skipuriti.

### B3.2 Fjölbreyttir starfsmannviðburðir / -ferðir með fræðslu

FSR, í samráði við starfsmannafélagið, stendur fyrir öflugum fræðslu- og skemmtistarfi, til ávinnings bæði fyrir starfsfólk og stofnunina. Vegna Covid19 voru mánaðarlegir fræðslufundir FSR færðir í fjarfundarform og til viðbótar við hefðbundið fræðsluprógramm var sérstök áhersla lögð á að vinna gegn neikvæðum áhrifum Covid19 á heilsu- og sálarlíf starfsfólks.

### B3.3 Innleiðing jafnlaunastaðals

Unnið var markvisst að innleiðingu jafnlaunastaðals á árinu með ytri ráðgjafa. Stefnt var að vottun á vordögum 2021 en í ljósi fyrirhugaðrar sameiningar við Ríkiseignir var, í samráði við FJR, ákveðið að fresta þeirri vinnu fram á árið 2021 þegar niðurstaða fengist um hvort af sameiningu FSR og Ríkiseigna verði.





[www.fsr.is](http://www.fsr.is)

